

Heit og ljúffeng



PIZZA

Hafnarstræti 7 · 456 3166

Nýtt og öflugt verkfæri til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is

www.ibudalan.is



Símanúmer Landsbankans á Ísafirði er **410 4156**

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 12. apríl 2007 · 15. tbl. · 24. árg.



Vagnstjórinn blæs til sóknar

Guðbjartur Jónsson varð þjóðkunnur sem Vagnstjóri á Flateyri. Hann hefur komið víða við á starfsævi sinni og var til að mynda framkvæmdastjóri Fiskmarkaðarins á Flateyri um tíma, en nú hefur hann ásamt konu sinni opnað verslun á Ísafirði og verslar með vandaðan kristal. Í framtíðinni stefnir hann að því að selja varninginn um allt land. Sjá miðopnu.



Var orðinn hundleiður

Fá nýjan búning

Undanfarna mánuði hefur klasaverkefnið Sjávarþorpið Suðureyri unnið að umbúðahönnun fyrir framleiðsluvörur sem framleiddar eru á Suðureyri. Innan skamms hefst framleiðsla og sala á vörum úr þorpinu í nýjum og ferskum búningi.

Þær vörur sem koma fyrst á markaðinn eru frosin ýsa, þorskur og steinbítur frá Fiskvinnslunni Íslandssögu, hjallþurrkaður harðfiskur frá fiskverkun Jóhanns og sjóarafiskur frá Vestfisk en þeir þurrka ýsu frá Íslandssögu fyrir verkefnið. Vörurnar hafa það sameiginlegt að vera framleiddar sem vistvænar sjávarafurðir.

Ofangreindar vörur verða komnar í allar betri verslanir í byrjun sumars.

– thelma@bb.is



Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, var haldin í fjórða sinn á Ísafirði um síðustu helgi. Hátíðin hefur stækkað með hverju árinu og í ár þurfti að taka tvo daga undir herlegheitin, en 37 hljómsveitir stigu á stökk í gömlu Ríkisskipa skemmuni við Ásgeirsbakka. Rokkstjóri Aldrei fór ég suður, Hálfán Bjarki Hálfánsson, er að vonum ánægður, enda fór hátíðin einstaklega vel fram. Skipuleggjendur hátíðarinnar, gæsla og lögregla voru með gott eftirlit á hátíðinni auk þess sem fíkniefnaleitarhundurinn Tíri og umsjónarmaður hans, frá lögreglunni í Borgarnesi, voru lögreglumönnum á Vestfjörðum til aðstoðar við eftirlitið á hátíðinni. Sjá frásögn og myndir inni í blaðinu.

– tinna@bb.is

SAGÐI BANKANUM SÍNUM UPP!

Ætlar að reyna við Sparisjóðinn

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálfyrirtæki sem þú skiptir við. Hjú Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þeirri viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt fyrir okkur



EIMSKIP
flytjandi

Fvarkálla | 400 Ísafirði | Sími 525 2890 | Fax 525 2899 | www.flytjandi.is

Dagurinn í dag**12. apríl 2007 – 102. dagur ársins**

Pennan dag árið 1919 létu átta manns lífið í snjóflóðum við Siglufjörð. Eitt flóðið eyðilagði síldarverksmiðju sem talin var sú fullkonnasta sem þá þekktist. Sama dag árið 1953 tók Menntaskólinn á Laugarvatni formlega til starfa.

Ríflega 53 þúsund seldar gistinætur

Alls seldust 53.157 gistinætur á farfuglaheimilum á Vestfjörðum og Vesturlandi á síðasta ári, en tölur um gistingu eru felldar saman á þessum svæðum af Hagstofu Íslands vegna of fárra gististaða. Langflestir gestanna voru útlendingar sem áttu 48.402 nætur, á móti 4.755 nóttum Íslendinga. Fjölmennastir voru Bretar með 9.380 nætur, en þar á eftir koma Þjóðverjar með 6.080 nætur. Þá voru Danir með 5.419 nætur næstir á undan Íslendingum. Bandaríkjamenn voru með 3.719 nætur, Norðmenn voru með 3.156 nætur, Spánverjar með 2.906 nætur, Frakkar voru með 2.657 nætur, Svíar voru með 2.205 nætur, Hollendingar voru með 1.953 nætur og Ítalir voru með 1.405 gistinætur.


Hvildarklettur ehf. kaupir 22 sjóstangveiðibáta og tólf sumarhús

Hvildarklettur ehf., og Seigla ehf., hafa unnið að undanfögnu að nýsmíði á tuttugu og tveimur bátum fyrir sjóstangveiði á Vestfjörðum. Fyrstu ellefu bátarnir verða afhentir í lok apríl og síðari ellefu um miðjan maí. Bátarnir eru sjö og hálfur metri á lengd og tveir og hálfur á breidd og

hafa bátarnir 160 hestafla vélar. Smíði bátanna hefur gengið hratt fyrir sig en byrjað var að smíða þá um miðjan febrúar á þessu ári eða eftir að félögin tóku við samningi um sjóstangveiði hjá ferðaskrifstofunni Angelreisen í Þýskalandi. Fjöldi manna hafa staðið vaktir við framleiðslu bát-

anna en smíði þeirra fer fram í nýju húsnæði Seiglu á Akureyri. Hátt í 1.500 manna hafa bókað bátana í vikuleigu nú í sumar hjá Hvildarkletti. Félagið útvegar einnig húsnæði fyrir gestina en félagið hefur unnið í vetur að endurbótum á fasteignum á Suðureyri til útleigu.

Þessu til viðbótar hefur Hvildarklettur hefur gert samkomulag við Bergrád ehf., um innflutning á 12 sumarhúsum frá Halliday homes í Kanada. Húsin eru 65 m² að stærð og koma þau til Ísafjarðar í einingum en samsetning þeirra, lagnavinna, málun og frágangur þeirra til flutnings á byggingarlóðir fer fram á Ísafirði. Ekki er enn frágengið á hvaða lóðum húsin verða festniður á sökkla en horft er sérstaklega í nýtt deiluskipulag fyrir fristundabyggð á Flateyri

**Teikning af sumarhúsi Hvildarkletts.**

og Þingeyri. Aðrar staðsetningar hafa einnig verið í skoðun. Ef ekki verður hægt að koma húsunum fyrir á norðanverðum Vestfjörðum í sumar verða þau flutt til annarra landsvæða.

Mikil eftirspurn er eftir gistingu í sumarhúsum á Vestfjörðum eftir tilkomu þýskra sjóstangveiðimanna inn á

svæðið og því nú tækifæri til að byggja hratt upp alvöru ferðaþjónustu á svæðinu. Hvildarklettur hefur nú þegar selt gistingu í 12.000 gistinætur til erlendra ferðamanna nú í sumar og er nú unnið hörðum höndum að koma öllu þessu fólki fyrir í hús. Meirihlutinn af þessu fólki verður á Suðureyri í sumar en einnig

hefur verið tekið húsnæði á leigu á Flateyri til að dreifa þessum fjölda en biðlisti er í nýju húsin strax og þau verða klár til útleigu.

Um er að ræða stærsta einstaka uppbyggingarverkefni í ferðaþjónustu á Vestfjörðum frá upphafi en heildar fjárfesting Hvildarkletts í ferðaþjónustu á Vestfjörðum er með þessum kaupum og öðru tengdu rúmar fjögur hundruð milljónir. Hlutfé í félaginu var auknið verulega til að takast á við þessa uppbyggingu og unnið er að sameiningu félaga í ferðaþjónustu hér á svæðinu til að styrkja félagið enn frekar og til að vinna sameiginlega að framþróun ferðaþjónustu á svæðinu með öflugum aðgerðum. Um tíu eigendur verða að félaginu Hvildarklett ehf., eftir þessa útrás.

– thelma@bb.is



Aðeins ein eftir í dalnum!

Til sölu er 124,7m² íbúð, fullbúin innréttingum og gólfefnum á góðum stað á neðri hæð í nýuppgerðu húsi við paradís Ísfirðinga, „inn í skógi“. Frábært útsýni yfir Tungudalinn.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 456 6600 eða 899 2626. Íbúðin er laus og tilbúin til afhendingar strax! Sjá nánar á vefslóðinni www.vverk.is/fasteignir/sala/



ÍSAFJARÐARBÆR

INNTRITUN NEMENDA Í GRUNNSKÓLA ÍSAFJARÐAR

Innritun er hafin fyrir skólaárið 2007 til 2008. Foreldrum barna sem eiga að hefja grunnskólagöngu næstkomandi skólaár ber að innrita börn sín í skóla. Fyrirhugaður flutningur nemenda milli skóla innan sveitarfélagsins og frá öðrum sveitarfélögum þarf einnig að skrá.

Eyðublöð er að finna á vefslóðinni www.isafjordur.is/isafjordur/thjonusta/eydublod og skulu skráningar í alla skóla Ísafjarðarbæjar berast Skóla- og fjölskylduskrifstofu fyrir 1. maí 2007.



Vill koma á fót ökutækjaeftirliti í Bolungarvík

Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, segir tilvalið að fela einhverju sýslumannsembættinu á landinu að sjá um eftirfylgni með að óskoðuð ökutæki á landinu séu færð til lögmæltrar skoðunar og innheimtu gjalds ef út af er brugðið og hefur boðið sitt sýslumannsembætti undir verkið. Segir hann að þessum málum sé nokkuð ábótavant á Íslandi, þar sem lögreglumönnum hefur verið gert að elta uppi óskoðaða bíla og gefa þeim fyrst 7 daga frest, elta þá svo aftur uppi og klippa

af þeim númerin.

Yfir 20 þúsund bílar hafa ekki verið færðir til skoðunar á landinu. Heimild er í lögum til að leggja á gjald fyrir þessa vanrækslu, en hún hefur ekki verið nýtt auk þess sem fjárhæð gjaldsins hefur ekki verið ákveðin. „Lögreglan hefur einfaldlega ekki tók á því að standa í þessu“, segir Jónas. „Og þeir væru sjálfsgagt fegnir að losna við þetta. Þetta er starf sem best væri að vinna á einum stað, og það er hægt að gera hvar sem er á landinu. Ef þessi þjónusta yrði flutt til

Bolungarvíkur myndi hún skapa þar störf, en fyrst og fremst auka umferðaröryggi. Hér er ekki verið að taka störf af neinum, heldur skapa ný.“ Hugmyndin er þá sú að í fyrstu umferð fengi umráðamaður óskoðaðs ökutækis bréf þar sem hann er minntur á skyldur sínar, þar sem fram kæmi að ef ökutækið yrði ekki fært til skoðunar innan tilskilins tíma eða það afskráð úr ökutækjaskrá, yrði lagt gjald með lögveði í ökutækinu. Gjaldið gæti sem dæmi verið 5 þúsund krónur, og gæti

hækkað í 10 þúsund krónur ef ekki yrði brugðist við, ásamt því að veittur yrði einhver aukinn frestur. Dygði þetta ekki til yrði lagt akstursbann á ökutækið, sem tilkynnt yrði til eiganda og til lögreglu. Þetta ökutækjaeftirlit gæti þá sömuleiðis séð um að hafa uppi á óváttrygðum ökutækjum og eigendum þeirra og hugsanlega ökutækjum á erlendum skráningarnúmerum sem eru með útrunna heimild til aksturs hérlendis, og unnið þessi mál í hendur lögreglu ef annað dygði ekki.



Fasteignir Ísafjarðarbæjar selja Múlaland 14

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. hafa ákveðið að selja fjölbýlishúsið að Múlalandi 14 Ísafirði. Þetta var ákveðið á nýliðnum stjórnarfundum fyrirtækisins. Í húsinu sem er byggt árið 1990 eru 10 íbúðir og verður húsið selt í heilu lagi. Síðar er ráðgert að fjölbýlishúsið að Fjarðargötu 30, Þingeyri verði boðið til sölu í heilu lagi. Í því húsi eru 9 íbúðir. Auk þessa verður haldið áfram þeirri stefnu að fækka stökum íbúðum í eigu félagsins. Á sl. ári voru seldar 17 íbúðir, þar á meðal eitt fjölbýlishús á Suðureyri með 8 íbúðum. Í dag eru 150 íbúðir í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf.

Vélarvana línubátur í Ísafjarðardjúpi

Björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði var kallað út skömmu eftir kl. 10 að morgni þriðjudags er línubáturinn Ísbjörg IS-69 tilkynnti að báturinn væri vélarvana. Skipstjóri Ísbjargar hafði samband við Vaktstöð siglinga kl. 10:03 og lét vita að báturinn væri vélarvana á

Ísafjarðardjúpi og sjór væri kominn í vélarrúm. Ísbjörg var þá þrjá og hálfu sjómílu norðaustur af Arnarnesi í Skutulsfirði.

Björgunarsveitir og -skip voru þegar kölluð út en einnig var haft samband við nærstaddan bát, Val ÍS-20, og hann beðinn um að koma Ísbjörgu

til aðstoðar. Þegar björgunarskipið kom að var Valur þegar kominn með Ísbjörgu í tog, en skömmu áður hafði verið komist fyrir lekann. Björgunarskipið tók við Ísbjörgu kl. 10:50 og dró til Ísafjarðar. Ísbjörg er 6 tonna línubátur og handfærabátur með tveggja manna áhöfn. Áhöfnina sakaði ekki.



Björgunarskipið Gunnar Friðriksson dregur Ísbjörgu að bryggju á Ísafirði.

Merkilegar heimildir fyrrum fréttaritara um mannlíf og bæjarbrag Ísafjarðar

Sýning á fréttamyndum Jóns Páls Halldórssonar var opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag. Hún ber yfirskriftina „Með augum fréttaritarans“ en Jón Páll er fyrrum fréttaritari Morgunblaðsins á Ísafirði árin 1950–1960, auk þess sem hann var blaðamaður á Vesturlandi um árabil. Ljósmyndir

Jóns skipta hundruðum og eru merkilegar heimildir um mannlíf og bæjarbrag á Ísafirði um og eftir miðja 20. öldina.

Jón Páll Halldórsson er fæddur á Ísafirði 2. október 1929. Hann var lengi framkvæmdastjóri Norðurtangans hf. og driffjöldur í atvinnu- og menningarlífi Ísfirðinga í

meira en hálfu öld. Ævi starfi sínu varði hann í þágu fiskveiða, fiskvinnslu og verslunar og eftir hann liggja merkileg rit um sögu þessara atvinnugreina á Ísafirði. Byggðasafn Vestfjarða stendur fyrir sýningunni í samstarfi við Jón Pál en hún stendur fram til um miðjan maí. – thelma@bb.is



Hans W. Haraldsson og Jón Páll Halldórsson á opnun sýningarinnar á laugardag.



Ljósmyndir Jóns Páls eru merkilegar heimildir um mannlíf og bæjarbrag á Ísafirði um og eftir miðja 20. öldina.

Segir ekki nægt fjármagn hafa fylgt með verkefnaflutningum til sveitarfélaga

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir fjárhagslega stöðu sveitarfélaga segja á margan hátt til um hversu framsækið sveitarfélagið getur leyft sér að vera, en eins og kunnugt er, er Súðavíkurhreppur eitt fárra sveitarfélaga sem skilað hefur hagnaði síðustu árin.

„Ársreikningar marga sveitarfélaga á landsbyggðinni undanfarin ár sýna því miður ekki sýna ekki góða stöðu eða

þróun. Þar er ekki eingöngu um vestfirsk sveitarfélög, heldur er að finna sambærilega þróun víða“, segir Ómar á bloggsíðu sinni. „Hafa ber í huga að stór hluti þeirrar stöðu er vegna breytinga sem hafa verið að eiga sér stað, s.s. verkefnaflutningar frá ríki til sveitarfélaga þar sem ekki nægt fjármagn hefur fylgt með auk þess sem sveitarfélögin eru að verða af útsvarstekjum íbúa sinna vegna aukningar einka-



Ómar Már Jónsson.

hlutafélaga en ríkið fær nú í formi fjármagnstekna. Jafnframt hefur fékkun íbúa haft sitt að segja í minni tekjum sveitarfélaga.“

Þá bendir hann á að hagnaður á ranna 2002-2005 í Súðavíkurhreppi var samtals 28,8 milljónir króna. Í Súðavíkurhreppi bjuggu 235 manns árið 2005. „Þetta eru jákvæðar fréttir af fjárhag sveitarfélaga frá Vestfjörðum“, segir Ómar Már. – eirikur@bb.is

Bolungarvíkurkaupstaður



Bolungarvíkurkaupstaður stendur við Ísafjarðardjúp og þar búa rúmlega 900 manns. Öll helsta þjónusta er á staðnum. Mannlíf er fjölbreytt og félagslíf gott og náttúra stórkostleg. Ísafjarðarbær er í um 15 mínútna akstursfjarlægð. Á döfinni eru umfangsmiklar framkvæmdir sem munu selja jákvætt mark á sveitarfélagið næstu árin.

Bolungarvíkurkaupstaður leitar að hugmyndaríkum og áhugasömum einstaklingum til starfa. Um er að ræða stöðu ferðamála-fulltrúa og stöðu flokksstjóra unglíngavinnu.

Ferðamálafulltrúi

Helstu verkefni: Rekstur upplýsingamiðstöðvar Bolungarvíkurkaupstaðar. Starfsmaður atvinnu- og ferðamálaráðs. Þátttaka í mótun framtíðarskipulags ferðajónustu Bolungarvíkurkaupstaðar.

Hæfniskröfur: Menntun og reynsla á sviði ferðamála og/eða markaðs- og kynningarstarfa. Góðir samskiptahæfileikar. Góð tungumálakunnátta. Sjálfstæði og öguð vinnubrögð.

Ráðningartími: 15. maí til 15. september 2007 með möguleika á framlengingu.

Flokksstjóri unglíngavinnu

Helstu verkefni: Skipulagning verkefna sumarsins. Verkstjórn hópa. Mótun framtíðarskipulags unglíngavinnu í Bolungarvíkurkaupstaði.

Hæfniskröfur: Menntun og reynsla á sviði skóla- og/eða æskulýðsmála. Góðir samskiptahæfileikar. Sjálfstæði og öguð vinnubrögð.

Ráðningartími: 15. maí til 15. ágúst 2007.

fram tíðin er fyrir vestan!

Umsóknarfrestur um störf er til og með 20. apríl nk. Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík.

Nánari upplýsingar veitir Grímur Atlason, bæjarstjóri í síma 450-7000 og í grimur@bolungarvik.is

www.bolungarvik.is



30% afsláttur **2.239** kr/kg
Verð áður 3.210 kr/kg
Lamba RIB-EYE úr kjötborði

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 12. apríl - 15. apríl



1.239 kr/kg
Verð áður 1.777 kr/kg

30% afsláttur

Gourmet ofnsteik villikryddað



985 kr/kg
Verð áður 1.514 kr/kg

35% afsláttur

Londonlamb frampartur



169 kr
Verð áður 209 kr

Myllu heimilisbrauð



795 kr/kg
Verð áður 1.136 kr/kg

30% afsláttur

Borgarnes spánskar pylsur



85 kr
Verð áður 121 kr

Pot núðlur 89 gr.



149 kr
Verð áður 195 kr

Frissi Friski 2 ltr.



30 ÞVOTTAR

999 kr
Verð áður 1.299 kr
Ariel Color

999 kr
Verð áður 1.199 kr
Ariel Regular



359 kr
20% afsláttur

NIVEA Brilliant Brown sjampó



179 kr
Verð áður 220 kr
Sveppir box 250 gr.

299 kr/kg
Verð áður 412 kr/kg
Spergilkál

Samkaup **úrval**



Karlakórinn Ernis tók lagið fyrir viðstadda.

Fjölmenningu á vígslu nýrrar reiðhóllar

Um 300 manns voru við vígslu nýrrar reiðhóllar hestamannafélagsins Storms á Söndum í Dýrafirði fyrir páska. Séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir, sóknarprestur á Þingeyri, fór með ávarp og húsblessun auk þess sem farið var yfir byggingarsögu hússins og flutt þakkarávarp til þeirra sem lögðu félaginu lið með vinnu- og fjárframlagi. Ingi Þór Ágústsson, formaður Héraðssambands Vestfirðinga, kom færandi hendi fyrir hönd HSV og færði félaginu að gjöf hnakk og tvö sett af beislabúnaði.

Einar kristinn Guðfínnsson, sjávarútvegsráðgjafi, flutti ræðu sem og Magnús Stefánsson félagsmálaráðgjafi sem færði félaginu kveðjur frá landbúnaðarráðgjafi sem átti ekki heimangengt. Halldór Halldórsson, bærjarstjóri Ísa-

fjarðarbæjar flutti einnig ávarp og Ragna Magnúsdóttir færði kveðjur fyrir hönd bærjarstjórnar Bolungarvíkur og afhenti formanni Storms glæsilegan blómvönd.

Þá fluttu Kirkjukór Þingeyrar flutti lög, línudanshópurinn Perlurnar sýndu línudans og Karlakórinn Ernis söng fyrir viðstadda. Síðan héldu félagar úr stormi tölt-sýningu. Að því loknu boðið upp á léttar veitingar.

Stormsmenn eru afar stoltir af nýju reiðhöllinni sem muni leiða til þess að hestamenn verði meira áberandi í framtíðinni segir Sigþór Gunnarsson formaður félagsins.

„Fleiri viðburðir verða í boði yfir árið með tilkomu reiðhallarinnar en bara félagsmót á sumrin. Þetta býður upp miklu á fleiri möguleika t.d. til að efla barna- og unglinga-

starf, tanningsaðstöðu og þjálfun og margt annað. Við munum þróa áfram hvernig hægt er að nýta höllina fyrir sem flesta, og mun reynslan leiða okkur áfram í því“, segir Sigþór Gunnarsson.

Reiðhöllin hefur verið í notkun í um mánaðartíma og hefur fengist mjög góð reynsla af. „Allir eru mjög ánægðir, haldin hafa verið bæði fullorðins og barnamálskeið og reynt verður að hafa námskeiðahald fram á vorið. Nú getum við staðið jafnfætis þeim félögum sem hafa innihúsaðstöðu á landsmótum og betur undirbúið hestana okkar heldur en áður þegar engin aðstaða fyrir hendi á Vestfirðum. Það er nýtt fyrir okkur að hafa svona glæsilega aðstöðu og við vonum að sem flestir komi til með að reyna nýta sér þetta“, segir Sigþór.

Skora á ráðherra að auka þorskkvótann

Elding, félag smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum hefur sent áskorun til sjávarútvegsráðherra þess efnis að þorskkvótinn verði nú þegar aukinn um 25 þúsund tonn, í ljósi undanfarnna hlýviðrisára. Í áskorun þeirra segir meðal annars: „Undanfarið hafa borist fréttir hvaðanæva af landinu, af mok-þorskafla. Í vetur kom mikil þorskganga á Vestfirðamið og nú berast fréttir af meiri afla en verið hefur í áráðir á vertíðarsvæðunum við sunnan- og vestanvert landið. Hefur verið óskað eftir því við Hafró að málin verði

skoðuð og athugað hvort ekki geti verið um Grænlandsgöngu að ræða, en ekki hefur enn náðst að draga þá út af skrifstofunni til þess. En þó gátu þeir farið í ferð um landið í vetur, til að boða það að skera þurfi niður þorskaflaheimildir, ef ekki eigi illa að fara.“

Þá segir einnig að nú virðist svo komið sem „fiskifræðingarnir á Hafró hafi misst allt jarðsamband og sama er hversu mikið mokið er af þorski, þá fari þeir sífellt með sömu þuluna um að það þurfi að skera niður þorskaflaheimildir

til að ná stofninum upp. Því skorum við á sjávarútvegsráðherra í ljósi mikils þorskafla og góðæris í hafinu eftir undangengin hlýviðrisár, að auka þorskkvótann nú þegar um 25 þúsund tonn, til að gera ekki sömu mistökin og gerð voru á árunum 1994-1997 þegar mokþorskafla var við landið en Hafró viðurkendi það aldrei og tapaði þjóðin milljónum á þeim mistökum. Endurtökum ekki sömu mistökin og aukum þorskveiðiheimildirnar strax um 25 þúsund tonn.“

– eirikur@bb.is

Nú breyttum við upp ermarnar!

Hvildarklettur ehf., leitar að öflugum fólki til að vinna með núverandi starfsfólki og eigendum að uppbyggingu á stærsta verkefni á sviði ferðaþjónustu á Vestfirðum frá upphafi. Unnið er að samningu nokkra fyrirtækja í ferðaþjónustu um þessar mundir undir merki Hvildarkletts ehf til að takast á við öfluga uppbyggingu og samstillta markaðssókn fyrir ferðaþjónustu á Vestfirðum.

Útgerðarstjóri

Við leitum að öflugum aðila til að sjá um útgerð 22 frístundaveiðibáta sem gerðir verða út frá norðanverðum Vestfirðum. Hlutverk útgerðarstjóra er eftirlit með viðhaldi bátanna, umsýsla með aflaheimildir, sala á afla og vinna að nýjum verkefnum tengt útgerðinni.

Fjármálastjóri

Við leitum að kraftmiklum viðskiptafræðingi eða rekstrartækni-fræðingi til að sjá um fjármála og verkefnastjórn innan fyrirtækisins. Fjármálastjóri vinnur náð með skrifstofufulltrúum og er þeirra yfirmaður. Aðalhlutverk fjármálastjóra verður áætlunargerð og greining nýrra verkefna.

Verslunarstjóri

Við leitum að áhugasömum aðila til að taka að sér verslunarstjórn yfir þremur verslunum í Ísafjarðarbæ. Hlutverk verslunarstjóra er mönnun vakta, innkaup, vörustjórnun, vöruaftirlit og þátttaka í að breyta verslunum í takt við nýja tíma.

Yfirmatreiðslumeistari

Við leitum að metnaðarfullum matreiðslumeistara til að sjá um daglegan rekstur á nokkrum veitingahúsum á norðanverðum Vestfirðum. Viðkomandi verður yfirmaður matreiðslumanna í hverju veitingahúsi ásamt því að vinna að uppbyggingu nýrra tækifæra í veitingarekstri.

Framkvæmdastjóri

Hvildarklettur ehf., hefur stýrt klasaverkefnum Sjávarþorpið Suðureyri ehf., frá upphafi. Nú er svo komið að verkefnið hefur þróast mjög hratt undanfarið og því er komin þörf fyrir að ráða framkvæmdastjóra til að fylgja félaginu eftir og byggja það upp í takt við þær áætlanir sem gerðar hafa verið. Við leitum því að aðila sem er úrræðagóður og sýnir mikið frumkvæði til að takast á við mjög spennandi nýsköpunar og þróunarstarf. Meginverkefni framkvæmdastjórans er rekstur klasans, fjölgun samstarfsaðila og stóraukin sókn á sölu þjónustu og framleiðsluafurða aðila klasans.

Þjónustufulltrúar

Við leitum að hressu fólki eldri en 25 ára á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri til að sjá um móttöku og daglega þjónustu við sjóstangveiðimenn sem munu gera út fyrrgreindum höfnum í sumar. Mikilvægt er að viðkomandi séu liðleg og hjálpsöm, tali góða ensku og jafnvel þýsku.

Sumarvinna

Við leitum að áhugasömum aðilum til að vinna í sumar við hin ýmsu störf eins og við almenna afgreiðslu í söluskálum, við ræstingar á gististöðum og að þjóna á veitingahúsum.

Eitt atvinnusvæði - Störfin eru óháð staðsetningu og búsetu starfsmanna á norðanverðum Vestfirðum. Allar nánari upplýsingar er að finna í síma 456 6666.

Sýning á fréttamyndum í Safnahúsinu

„Með augum fréttaritarans“ er heiti sýningar sem opnuð var í Safnahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði á laugardag. Um er að ræða sýningu á fréttamyndum Jóns Páls Halldórssonar sem var fréttaritari *Morgunblaðsins* á Ísafirði árin 1950–1960, auk þess sem hann var blaðamaður á *Vesturlandi* um árabíl. Ljósmyndir Jóns skipta hundruðum og eru merkilegar heimildir um mannlíf og bæjarbrag á Ísafirði um og eftir miðja 20. öldina. Jón Páll Halldórsson er fæddur á Ísafirði 2. október 1929. Hann var lengi framkvæmdastjóri Norðurtangans hf. og driffjöldur í atvinnu- og menningarlífi Ísafirðinga í meira en hálföld. Ævistarfi sínu varði hann í þágu fiskveiða, fiskvinnslu og verslunar og eftir hann liggja merkileg rit um sögu þessara atvinnugreina á Ísafirði. Byggðasafn Vestfjarða stendur fyrir sýningunni í samstarfi við Jón Pál.



Ritstjórnargrein

Er til of mikils mælst?

Fyrir skömmu gekkst Utanríkisráðuneytið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri um þróun siglingaleiða á norðurslóðum. Á ráðstefnunni, sem bar heitið „Breaking the Ice – eða ísinn brotinn“ og var í samvinnu við ýmsa aðila, þ.á.m. Háskólann á Akureyri, var fjallað um þá möguleika sem norðurslóðasiglingar kunna að færa okkur Íslendingum. Borgarafundur á Akureyri og í Reykjavík fylgdu í kjölfarið.

Í leiðara BB 22. okt. 2003 sagði m.a.: „Þingmönnum Vestfirðinga og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ber að leita allra leiða til að Vestfirðingar komi sterkir til leiks að þeim möguleikum sem kunna að felast í opnun norðaustur-siglingaleiðarinnar, sem svo er kölluð. – Um gífurlega hagsmunum verður að ræða. – Um þá miklu fjármuni sem í húfi eru verður slegist og hvergi gefið eftir.“ Tilefni skrifanna var viðtal blaðsins við Úlfar Ágústsson, kaupm. á Ísafirði, sem vakti athygli á þeim hagsmunum sem þarna kunna að vera í húfi fyrir íslenskt samfélag og benti jafnframt á að Vestfirðir lægju beinast við sem viðkomustaður skipa á þessari leið.

Síðan þetta gerðist er sagan í stuttu máli á þessi: Utanríkisráðherra skipaði nefnd. Þrátt fyrir fjölmenni hennar voru Vestfirðingar ekki taldir þess verðugir að eiga þar fulltrúa. Nefndur Úlfar óskaði eftir því við samgönguráðherra að Vestfirðingar fengju að koma að starfi nefndarinnar, en fékk að eigin sögn engar undirtektir. Það voru mikil vonbrigði.

Í febrúar 2005 skilaði nefndin skýrslu, reifaði málið á ýmsa vegu og tilgreindi þrjú svæði sem hugsanlega viðkomustaði: Austfirði, Eyjafjörð, (lesist Akureyri, skv. yfirlýsingu utanríkisráðherra í sjónvarpsviðtali um ráðstefnuna) og Hvalfjörð. Ekki einu orði eytt á Vestfirði þrátt fyrir að sá landshluti liggja best að siglingaleiðinni samkvæmt korti í skýrslu nefndarinnar. Skip á þessari siglingaleið þurfa hins vegar að taka á sig verulegan krók til þess að sigla til Eyjafjarðar og Hvalfjarðar og með viðkomu á Austfjörðum lengist leiðin enn frekar. Niðurstaða embættismanna utanríkisráðherra er einfaldlega sú að ekki sé orðum eyðandi á viðhorf Vestfirðinga. Hver er afstaða ráðherrans?

Félagsmálaráðherra lýsti því nýverið yfir á framboðsfundi Stöðvar 2 í Stykkishólmi, sem andsvar við áburði um linkind í málefnum kjördæmis hans, að hann væri ráðherra alls landsins. Sitthvað bendir til efasemda um að allir samráðherrar hans líti valdsviðið sömu augum.

Málefni Vestfjarða bíða úrlausnar nefndar á vegum forsætisráðherra. Er til of mikils mælst af ráðherrum samgöngufélags- og sjávarútvegsmála, sem og öðrum þingmönnum NV-kjördæmis, að þeir sjái til að Vestfirðingar fái setið við sama borð og aðrir í þessu mikla hagsmunamáli sem gæti orðið ígildi stóriðju fyrir Vestfirðinga ef fram fer sem horfir?

s.h.

Á þessum degi fyrir 45 árum

Kjör má bæta með hagkvæmum vinnubrögðum

Í bréfi sem ríkisstjórnin ritaði í gær til Alþýðusambands Íslands, lýsir hún yfir þeirri skoðun sinni, að með hagkvæmari vinnubrögðum eigi að vera hægt að framleiða jafnmikið og ná þannig kjarabótum.

Þá leggur ríkisstjórnin sérstaka áherslu á þá skoðun sína, að athuga beri, hvort ekki sé unnt að hækka sérstaklega laun þeirra í hópi verkamanna, sem lægst eru launaðir, án þess að það hafi í för með sér hækkan annarra launa. Kveðst ríkisstjórnin fús til að mæla með slíkri hækkan við samþykkingu atvinnurekenda.

Ennfremur bendir ríkisstjórnin á, að það jafnvægi sem nú hefur náðst í íslensku efnahagslífi, bæti skilyrðin fyrir framleiðsluaukningu – er ásamt verðhækkan á útflutningsafurðum sé forsenda þess, að um almennar kauphækkningar getið orðið að ræða – en þó sé ekki hægt að gera ráð fyrir að aukning á framleiðslu á mann geri orðið meiri en 2-3% að meðaltali næstu árin.

Bæjarfulltrúi ofsóttur af ósáttum bæjarbúa

Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ, hefur heldur núturlega sögu að segja af samskiptum sínum við reiðan bæjarbúa á bloggsíðu sinni. Þar kemur fram að ónefndur aðili, tengdur máli sem er til meðferðar í bæjarkerfinu, hafi ítrekað veist að honum með fúkyrðum og svívirðingum, að börnum bæjarfulltrúans ásjaandi. Fór svo að Ingi Þór tilkynnti málið til lögreglu.

„Ég hef fram að þessu aldrei upplifað annað eins sem bæjarfulltrúi í þessu bæjarfélagi. Fólk hefur haft sterkar skoðanir á sínum málum, sem er vel og kann ég að meta slíkt. Samt þegar fólk hefur ekkert fram að færa nema persónulegar árástir á mig og mína fjölskyldu þá er mér nóg boðið. Ég tilkynnti umrætt tilfelli til lögreglu því mér er ekki sama hvað fólk gerir og segir þegar ég er með börn mín og fjölskyldu nærri. Börnin urðu skelkuð og það tók talsverðan tíma í gær að róa þau niður og

reyna að útskýra fyrir þeim hegðun einstaklingsins.“

Tekur Ingi Þór hins vegar einnig fram að afskipti bæjarbúa af málum í bæjarráði séu sér alla jafna ómetanleg við vinnu sína. „Það er ýmislegt sem gengur á, á meðan málin eru í vinnslu, margir hringja í bæjarfulltrúa og segja sína hlið á málinu, koma í heimsókn með gögn og útskýra sín mál og allir fram að þessu hafa verið mjög málefnalegir og kurteisir þegar þeir leggja sína skoðanir fram. Þetta hefur gefið mér tækifæri til að heyra skoðanir þeirra sem að málinu koma áður en ég tek ákvörðun í málinu. Ég tek síðan ákvörðun í málum út frá minni eigin sannfæringu þrátt fyrir að hafa fengið að heyra annað í gegnum tíðina.“

Segist Ingi hafa verið í heimsókn á sjúkrahúsinu hjá veikum ættingja þegar áður nefndur aðili tók hann tali. Hafir hann í fyrstu verið kurtteis, útskýrt sína hlið málsins, sem hafi reyndar margoft



Ingi Þór Ágústsson.

komið fram áður. „Ég sagði viðkomandi mína skoðun á málinu og þá byrjuðu upp- hrópanir og skammir sem enduðu með fúkyrðum og svívirðingum í minn garð. Ég kippti mér ekki upp við þetta - þetta hefur komið fyrir og því miður alltaf jafn sorglegt þegar einstaklingar hafa ekkert annað fram að færa nema persónulegar árástir á einstaklinga sem eru að reyna að vinna sína vinnu að bestu sannfæringu.“

Þessu næst hélt bæjarfull-

trúinn niður í bæ þar sem þrjú börn bættust í hópin. „Þegar ég var kominn áleiðis niður í bæ kom sami einstaklingur, sem ég sagði frá hér að ofan, stökk út úr bíl sínum og fór að ausa yfir mig fúkyrðum, svívirðingum og blótsyrðum sem gerðu það að verkum að börnin sem ég var með urðu dauðskelkuð og vildu forða sér í burtu. Það gerðum við og forðuðum okkur. Börnin urðu vör um sig eftir þetta en því miður þá gerðist þetta aftur - ég átti erindi á bæjarskrifstofurnar og þar kom umræddur einstaklingur og jós ennþá meiri og verri fúkyrðum að mér sem börnin urðu aftur vitni af. Farið var með börnin í burtu á meðan ég reyndi að ræða við einstaklinginn og reyndi að láta hann átta sig á því að það eru tími og staður fyrir allt - þetta væri ekki tím-inn og staðurinn til að láta svona. Það gekk ekki eftir og viðkomandi jós ennþá fleiri svívirðingum í minn garð þegar ég gekk í burtu.“

Klofningur auglýsir eftir umsækjendum um umhverfisstyrk

Klofningur ehf Suðureyri hefur auglýst eftir umsækjendum um umhverfisstyrk, en í tilefni af 10 ára afmæli félagsins í upphafi ársins ákvað stjórn þess að veita einni milljón króna til umhverfisverkefnis á Suðureyri. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjendur séu búsettir á Suðureyri, og að styrkurinn fari til verkefnis til hagsbóta fyrir íbúa Suðureyrar og komandi kynslóðir.

Fólk er hvatt til þess að láta hugann reika og vonast úthlutunarnefnd styrksins eftir að fá umsóknir frá fólki sem að hefur haft löngun til þess að gera eitthvað í samfélaginu en kannski skort fjármagn til

þess að draumurinn gæti orðið að veruleika. Úthlutunarnefndin vill benda á að hugsanlega geti styrkurinn verið hluti einhvers framkvæmdar sem að hafin er eða fyrirhugað er að fara í.

Ef fólk treystir sér ekki í verklýsingar og kostnaðar-áætlanir, þiggur nefndin allar ábendingar um verkefni, og er allt eins víst að þær geti hlotið brautargengi. Einstaklingar, fyrirtæki og félagsamtök geta sótt um styrkinn og þarf að fylgja umsóknum lýsning á verkefni og kostnaðar-áætlun fyrir það.

Umsóknarfrestur er til 17. apríl nk. og verður tilkynnt hvaða verkefni hlýtur styrkinn



Suðureyri við Súgandafjörð.

á sumardaginn fyrsta, samhliða því verður tilkynnt hvaða lag verður „Sæluhelgarlagið“ árið 2007. Óðinn Gestsson,


Þóra Þórðardóttir og Snorri Sturluson skipa úthlutunarnefndina.

– annska@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 eirikur@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Ferðamönnum fjölgar

Alls seldust 108.369 gistinætur á Vestfjörðum, Suðurnesjum og Vesturlandi á síðasta ári, en þessi landsvæði eru felld saman í einn flokk hjá Hagstofunni sökum fárra gististaða. Þetta er aukning um 14,7% á milli ára. Þar af fjölgaði Íslendingum mest, úr tæplega 40 þúsund árið 2005 í ríflega 50 þúsund árið eftir, eða um tæplega 26%. Utlandingar voru því ríflega 58 þúsund. Þar voru Bandaríkjamenn fjölmennastir, 9.659 talsins, en næstir komu Bretar, 9.494 talsins. Þjóðverjar keyptu 7.494 gistinætur. Danir keyptu 2.940 gistinætur. Japanir keyptu 2.875 gistinætur. Frakkar keyptu 2.715 gistinætur. Spánverjar keyptu 2.290 gistinætur, og Ítalir keyptu 2.131 gistinótt.



Stefnt að áframhaldandi rannsóknarborunum í Tungudal

Orkubú Vestfjarða vinnur að því þessa dagana að afla áhættufjár í formi víkjandi láns til að fjármagna boranir sem geta gengið úr skugga um hvort vinnanlegur jarðhiti sé við Bræðratungu í Tungudal í Skutulsfirði. Nú er fyrir hendi tækni til að ráða við boranir af því tagi sem þarna þarf, en kostnaðurinn er mikill. Fyrri boranir við Bræðratungu hafa staðfest að heitt vatnskerfi er þar undir þótt enginn yfirborðsjarðhiti sé fyrir hendi. Niðurstöður borana og efnafræði vatns í hol-

unum gefa til kynna að þaðan megi ná um 60-70°C heitu vatni.

Horft er til tveggja möguleika í áframhaldandi borun. Fyrri möguleikinn er sá að borhola verði staðsett til hliðar við ætlaða sprungu. Í fyrri borunum kom allmikið af 25-30°C heitu vatni í holurnar tiltölulega grunnt, en þær æðar voru steypar af. Dýpri holurnar sigu saman á fæcinum dögum í um 800 m. Þar sem holurnar síga saman eru þykk setlög sem þarf að fódra af áður en dýpra er haldið. Því þyrfti

að bora þyrfti niður fyrir 800 m. Að því búnu þyrfti að stefnubora í átt að sprungunni og skera hana á yfir 1.000 m dýpi. Gera mætti ráð fyrir að bora þyrfti allt að 1.200-1.500 m djúpa holu.

Seinni möguleikinn er að bora svonefnda skáholu. Þá er bornum hallað strax við yfirborð og haldið sömu stefnu alla leið. Slík skáborun er mun ódýrari en stefnuborun. Vangaveltur eru einnig um að sleppa samfelldri fódru og fódra einungis lausa beltíð. Eftir á að meta hvor aðferðin er betri,

með tilliti til áhættu og kostnaðar.

Síðast var borað við Bræðratungu árið 1999 og var holan 1.255 m djúp. Holan stíflaðist fljótlega á 700-800 m dýpi. Holan var mjög lek niður í um 300 metra og hiti í æðum var 20-40°C. Hitamæling í lok borunar gefur sterkt til kynna að 60-70°C heitt vatnskerfi sé í nánd við holuna. Það hefur verið talið að holan hafi skorið sprunguna ofarlega.

Haukur Jóhannesson jarðfræðingur hjá Íslenskum Orkurannsóknum segir að jarð-



Orkubú Vestfjarða.

fræðirannsóknir hafa leitt í ljós að heitavatnskerfi þetta er líklega tengt tiltölulega ungru sprungu sem stefnir norðvestur-suðaustur og má rekja hana inn í botn Alftafjarða. Þar kom einnig fram hitafrávik við hitastigulsbor-

anir. Þá segir hann að það hljóti að vera kappsmál fyrir heimamenn að ganga úr skugga um hvort vinnanlegur jarðhiti sé fyrir hendi í Skutulsfirði. Það verður ekki gert nema með borunum.

– tinna@bb.is

Segja verðlaunafé ekki geta verið lægra en 200 þúsund

Nefnd um byggðamerki fyrir Ísafjarðarbæ hefur haldið sinn fyrsta fund og er það mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að hafa vegleg verðlaun í boði fyrir sigurvegara þeirrar samkeppni sem til stendur að halda um byggðamerki, og einnig þurfi að leggja til fjármagn í auglýsingar um samkeppnina. Horfir nefndin þá til þess hvað nágrannasveitarfélög hafa gert í þessum efnunum á liðnum árum.

Leggur nefndin til að auglýst verði á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, í Bæjarins besta og í einu dagblaði. „Nefndin telur að verðlaunafé fyrir byggðamerki Ísafjarðarbæjar geti ekki verið lægra en kr. 200.000 kr. fyrir 1. sæti og sé vilji til þess að veita hærra verðlaun, eða fyrir fleiri sæti, þá sé það æskilegt og laði að fleiri keppendum“, segir í bók-



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

un nefndarinnar.

Þá bendir nefndin á að nú er í gangi samkeppni um byggðamerki fyrir Hvalfjarðarsveit, en þar eru veitt þrenn verðlaun. 350 þúsund krónur veitast fyrir 1. sæti, og 50 þúsund

krónur fyrir næstu tvö þar á eftir. „Nefndin er sammála um að því hærra sem verðlaunaféð er og fleiri verðlaunasæti, því fleiri og mögulega vandaðri tillögur berist og þá hljóti að koma til þátttaka bæði lærðra

og leikinna.“

Loks óskar nefndin eftir svörum frá bæjaryfirvöldum sem fyrst, enda geti hún ekki haldið áfram störfum sínum fyrir en þessum spurningum er svarað. – eirikur@bb.is



Hótel Edda á Ísafirði telst til gistiheimila, enda ekki opið nema á sumrin.

Gistiheimilum fækkar milli ára

Á síðasta ári voru 27 gistiheimili og eitt hótel skráð á Vestfjörðum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Gistiheimilin buðu upp á 365 herbergi þar sem finna mátti 807 rúm, en hótelið er með 36 herbergi og 72 rúm. Hótelið, sem er Hótel Ísafjörður, starfar allt árið um kring, en um helmingur gistiheimilanna tekur sér frí yfir vetrarmánuðina.

Á tímabilinu frá janúar og fram í apríl voru starfandi 13 gistiheimili með 177 herbergi og 385 rúm, en á tímabilinu frá september og fram í desember voru starfandi 14 gistiheimili með 177 herbergi og 382 rúm. Fleiri gistiheimili störfuðu á Vestfjörðum á árinu 2005, eða 31, og buðu þau samtals

upp á 385 herbergi með samtals 848 rúmunum. Rekstur þeirra utan helsta tímabilsins, frá maí fram í ágúst, var svipað mikill og í ár en skiptist þannig að fleiri gistiheimili voru rekin frá september-desember, eða 17, heldur en voru frá janúar-apríl, eða 11.

Tölurnar hér að ofan koma frá Hagstofu Íslands og miðast við þá gististaði sem uppfylla hennar staðla um gistiheimili og hótel. Til að teljast hótel verða gististaðir að hafa opið allt árið um kring, vera með baðherbergi á a.m.k. 75% herbergja og opna móttöku allan sólarhringinn. Önnur hótel falla undir gistiheimili.

– eirikur@bb.is

Dæmdur í skilorðsbundið fangelsi

Rúmlega tvítugur karlmaður var á dögnum dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða í sex mánaða fangelsi fyrir tvö brot gegn fyrstu og annarri grein almennra hegningarlaga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms haldi ákærði almennt skilorð. Maðurinn er annarsvegar dæmdur fyrir að hafa veist að lögreglumanni við skyldustörf og

hinsvegar fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Málsatvik eru þau að aðfaranótt sunnudagsins 8. október 2006 brutust út slagsmál milli ákærða og annars brotapolanna bak við verslunina Blómaturinn við Austurveg á Ísafirði. Sló ákærði brotapolan í höfuðið með glasi með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á höfði. Þegar lögregla skarst í leikinn veittist ákærði að einum lögreglumannanna og sló hann hnefa-

höggi í andlitið með þeim afleiðingum að lögreglumadurinn hlaut tannbrot og fleiðrur á yfirborð slímhúðar í hægri kinn.

Í dóminum segir að brotin hafi verið tilefnislaus og alvarleg og beinst gegn höfðum brotapolanna. Við ákvörðun refsingar þykir hins vegar mega líta til þess að högg það sem ákærði veitti öðrum brotapolanum með glasi olli hvorki alvarlegum né varanlegum áverkum, þó svo brotið

verði allt að einu að telja sérstaklega hættulegt. Þá játaði hann skýlaust brot það gegn valdstjórninni sem honum er gefið að sök í málinu. Að endingu þykir mega horfa til þess að ákærði var einungis tvítugur er hann framdi brotin og þá hefur hann ekki áður gerst sekur um ofbeldisbrot.

Ákærða var dæmt að greiða 230.570 krónur í sakarkostnað.

– tinna@bb.is

„Við ferðumst í gegnum mörg lönd Afríku á leiðinni þangað. Þar sá maður margt og mikið, t.d. stærsta fólk sem ég hafði séð og minnsta fólk sem ég hafði séð. Þetta var mikil upplifun. Það eina sem var ekki skemmtilegt var að þegar ég fór að heiman þá var ég nú ekki stór, rétt tæp 60 kíló, en þegar ég kom heim var ég um 30 kíló. Ég var með matareitrun mest allan tímann.“

Vagnstjórinn blæs til sók

Guðbjartur Jónsson varð þjóðkunnur sem Vagnstjóri á Flateyri en hann stóð fyrir stofnun staðarins. Á hinum víðfræga Vagni stigu þó nokkrir þekktir tónlistarmenn fyrst á stókk hér vestra og má þar nefna tónlistarmennina stórskemmtilegu KK og Bógómil Font. Guðbjartur hefur komið víða við á starfsævi sinni og var til að mynda framkvæmdastjóri Fiskmarkaðarins á Flateyri um tíma, en nú hefur hann ásamt konu sinni opnað verslun á Ísafirði og verslar með afar vandaðan kristal. Í framtíðinni stefnir hann að því að selja varninginn um allt land. Bæjarins besta spjallaði við Guðbjart um lífið og tilveruna en hann hefur fjölmargar hugmyndir um hvernig bæta megi lífsgæðin á Vestfjörðum.

„Vestfirðingar geta gert margt til þess að halda byggðinni við. Fyrst og fremst þarf að hlúa að mannlífinu því ef maður vill fá ungt fólk til að setjast hér að þá þarf maður að hafa mannlíf. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Fyrir fjölskyldu með ung börn er ekkert betra en að setjast að hér fyrir vestan þar sem lífsgæðakapphlaupið er ekki svo mikið. Það verður að halda utan um það fólk sem er á staðnum. Þegar menningar- og skemmtanalíf fer að dala finnst fólki eins og það sé ekki mikið um að vera og fer að hugsa sér til hreyfings. Sérstaklega unga fólkið, en það er nú oft þannig að þegar krakkarnir fara fylgja foreldramir á eftir. Það er mikill munur á mannlífinu fyrir tíu árum og núna.“

– Það var mikið um að vera þegar Vagninn var og hét. „Já þá var alltaf mikið um vera. Staðurinn var fullur hjá okkur allar helgar og svið þeirra tónlistarmanna sem komu þar fram var mjög breitt. Þar má nefna KK og Bógómil Font. En þetta eru orðnir rosalega breyttir tímar og Flateyri orðinn hálfgerður draugabær miðað við það sem var. Vagninn er allur enda gengur ekkert að reka svona stað í dag. Margir fóru eftir snjóflóðið og þar á meðal ég.“

Ég flutti þá til Reykjavíkur og var að vinna við bókhald og að keyra rútur og hafði mjög gaman af því. Svo kom ég hingað vestur og ætlaði bara að stoppa í sex mánuði en endaði sem framkvæmdastjóri Fiskmarkaðarins og var það í fimm ár. Þegar þar var komið var ég búinn að eignast lítinn strák og ég og Lada, móðir hans og kona mín, ákváðum að skoða hvað við gætum gert hér fyrir vestan. Við unnum að því í eitt og hálf ár að koma búðinni Bergkristall á lagginnar. Við vorum lengi að reyna að finna leið hvernig við gætum mögulega gert þetta því allir sögðu að

þetta væri ekki hægt. Það er svo mikil skriffinnsla að baki þess að fá vörur fyrir búðina, kristal, postulín, metravöru o.fl. því við reynum að bjóða lögsta verðið með því að skipta beint við framleiðanda. En maður þarf að hafa alla pappíra í lagi. Vörurnar eru margskoðaðar, bæði í flutningabilunum á vegum Rússlands og á hafnarbökkunum. Allt í kringum þetta er mjög erfitt, en Lada, sem er hámenntuð og hefur langa reynslu af rekstri eigin byggingavörufyrirtækis í Rússlandi, fann leið svo við skelltum okkur út í þetta.

Við erum að bjóða vöruna á mun lægra verði en þekktir hér á landi og þetta eru afar vandaðar vörur enda skiptum við bara við fyrirtæki sem hafa gott orð á sér. Fyrirtækin eru flest 200-250 ára gömul og margverðlaunuð fyrir gæði. Við höfum ekkert verið að skipta við ný fyrirtæki sem hafa ekkert orð á sér. Enda eru þeir sem hafa verið að kaupa af okkur verið mjög ánægðir. Þeir sjá að þeir eru að fá hágæða efni. Það sem við erum að vinna í núna er aðallega að koma þessum vörum á sölustaði um allt Ísland. Við stefnum að því að vera með 5-6 staði, á Ísafirði, í Reykjavík, á Akureyri og á Selfossi. Við skiptum nú þegar við eina búð á Egilsstöðum sem heitir Klassik og vörurnar hafa verið að seljast mjög vel þar. Konan sem rekur búðina þar hefur hrósað kristalnum okkar þar sem hann er svo tær. Hann er alveg eins og kristall á að vera. Svo vorum við að fá einkaleyfi á litada kristalinn okkar. Við höfum verið að markaðsetja hann en hann þykir ótrúlega fálægur. Við förum á sýningu í Frankfurt í janúar og skoðuðum þar nokkurn veginn sambærilegar vörur frá öðrum framleiðendum. Þeir voru að bjóða okkur verðið á glasinu frá verksmíðunum sínum á sama verði og

við erum að selja í versluninni okkar. Svo við erum í miklu betri málu en ég hélt.“

Miklir kostir við að búa fyrir vestan

„Við erum alltaf að velta fyrir okkur hvernig við getum byggt fyrirtækið upp, en við höfum viljað gera það fyrir vestan. Kostirnir við að vera hér er að húsnæðið er ódýrt og maður hefur vinnuafli sem maður getur treyst. Gallinn er sá að flutningakostnaðurinn er rosalegur. Það er orsökinn fyrir því hve erfitt er að byggja upp fyrir vestan. Og ekkert gerist þrátt fyrir að menn tali mikið og þá sérstaklega fyrir kosningar. En hér er allt annað til staðar til þess að byggja fyrirtæki. Það eina sem skiptir raunverulega máli er flutningurinn og andrúmsloftið í kringum það sem verið er að gera. Túristarnir sem hafa komið til okkar trúa varla hversu góð kaup er hægt að gera hér og kaupa til þess að taka með sér heim, en heimamenn hafa verið lengur að taka við sér. Það verður að segjast alveg eins og er að það hefur verið afar rólegt hér á Ísafirði. Margir vita ekki einu sinni um búðina okkar þrátt fyrir að við höfum verið hér síðan í júlí, sem segir manni að menn séu afar heimakærir. Bæjarstjórinn vissi lengi vel ekki einu sinni af henni. Það er nú svolítið furðulegt þegar helstu menn í bænum vita ekki af því sem er að gerast“, segir Guðbjartur og hlær. „Menn þurfa einnig að sleppa þessum smágunghætti og fara í sókn. Menn geta unnið hvar sem er með tilkomu internetsins og því þá ekki að vinna hér fyrir vestan í ró og næði. Það er til dæmis ekkert mál að vinna bókhald hér þótt fyrirtækin séu öll í Reykjavík. Menn þurfa bara að koma sér inn í hlutina og nýta sér þennan möguleika. Það eru svo miklir

kostir við að búa hér og menn verða að skoða sjálfir hvað þeir geta gert og bera sig eftir því. Það er hægt að gera mjög margt t.d. í þróunar-, þekkingar-, og tæknivinnu. Nú til dags eru til samskiptamöguleikar sem kosta ekki neitt. Maður getur haldið fundi þótt hinir fundargestirnir séu hinum megin á landinu eða hnettinum þess vegna. Eins og í okkar rekstri þar sem við þurfum mikið að hringja til útlanda er vonlaust að nota símann því þá færi maður nú fljótt á hausinn. Maður verður að nota internetið eins mikið og hægt er.“

Við erum með verslun á netinu en það hefur ekki orðið mikið úr henni þrátt fyrir að vefsíðan hafi farið snemma í loftið. Mest allt sem er inni á síðunni er úr fyrstu sendingunni okkar en það kostar mikla vinnu að uppfæra og halda utan um slíka vefsíðu. Við sjáum til hvað verður.“

Bergkristall um allt land

„Við reiknum með að opna staði í Reykjavík og á Akureyri á næstu mánuðum. Það er mest spennandi hjá okkur í dag. Við sjáum að það selst mjög vel á Egilsstöðum og einnig á Selfossi. Við stefnum á að eiga sjálf eina búð á Selfossi. Það er eitt af mörgu sem við ætlum okkur að gera, þó það sé ekki fremst á framkvæmdalista.“

– Þannig að það er nógu stór markaður héraðs fyrir þessar vörur? „Já, það mikið til af kristal og postulíni á Íslandi. En við fáum, sem fyrr segir, vörurnar á mjög góðu verði og flytjum þær inn án milliliða og það munar mjög mikið um það. Þegar maður er með svona gott verð og veit hvað samkeppnisaðilinn er að bjóða þá hefur maður mikið forskot. Við vitum að enginn annar er að flytja inn litkristalinn, og venjulega kristalinn og postulínið getur enginn annar boðið á jafn góðu verði. Reyndar erum við með kynningarverð hér á Ísafirði sem mun ekki standa mjög lengi enn. Bara rétt á meðan við erum að koma okkur upp og kynna okkur fyrir fólki.“

Við ætluðum aldrei að eiga neina verslun, í upphafi ætluðum við aðeins að flytja inn fyrir heildsala. Við vorum bú-

in að kasta okkur út í nær hálfjar milljón króna kostnað við að flytja prufur til landsins en svo vildi heildsalinn ekki borga nógu gott verð fyrir þær. Þá sáum við fram á að við gætum alveg gert þetta sjálf. Við vitum að það er vonlaust fyrir hvern sem er að fara inn í Rússland til þess að eiga viðskipti, það eru því líkar reglugerðir sem verður að fylgja. Ef maður talar ekki málið og veit ekki nákvæmlega út á hvað hlutirnir ganga, þá er getur maður gleymt því að viðskiptin gangi upp. En út af öllum þessum reglugerðum þá eru allar vörur sem fluttar eru út miðaðar við Evrópu-staðla. Við vitum því að allar þær vörur sem við erum að fá, standast harðar kröfur Evrópubúa. Enda flytjum við ekki inn eitthvert drasl.“

Á ferðalagi um framandi lönd

– Guðbjartur hefur ferðast víða um heim og heimsótt mörg framandi lönd.

„Fyrsta ferðin mín var til Hawaii eftir samræmdu prófin. Ég ferðaðist í gegnum Bandaríkin á leið minni þangað og heillaðist ekki af Bandaríkjamönnum. Mér finnst þeir yfirborðskenndir og leiðinlegir. Auðvitað er ekki hægt að segja svo um alla Bandaríkjamenn en allir sem ég kynntist voru þannig.“

Síðan kynntist ég Áströllum sem voru að vinna hér fyrir vestan og ég fékk tækifæri til þess að ferðast með þeim um Afríku. Við förum til Frakklands, Portúgals og Spánar og enduðum í Kenýa. Við ferðumst í gegnum mörg lönd Afríku á leiðinni þangað. Þar sá maður margt og mikið, t.d. stærsta fólk sem ég hafði séð og minnsta fólk sem ég hafði séð. Þetta var mikil upplifun. Það eina sem var ekki skemmtilegt var að þegar ég fór að heiman þá var ég nú ekki stór, rétt tæp 60 kíló, en þegar ég kom heim var ég um 30 kíló. Ég var með matareitrun mest allan tímann.“

Síðan fór ég til Ástralíu og til Lady Elliot-eyjar og kafaði við koralrífin: það var alveg meiriháttar og eitthvað það flottasta sem ég hef séð á öllum mínum ferðalögum.“

Ég fór þrisvar til Ástralíu, í um þrjú mánuði í einu með nokkurra ára millibili. Ég tók

eftir því að Ástralarnir urðu sífellt líkari Bandaríkjamönnum og maður sá muninn á milli heimsókna. Ástralal eru rosalega áhrifagjarnir og voru farnir að herma eftir Kananum í mataræði og öllu.“

En ég fór líka til Nýja-Sjálands og þeir hafa haldið sínum sérkennum og ekki smitast af Ameríkuvæðingunni. Þeir eru mjög kurteisir og opnir.“

Svo eyddi ég nokkrum mánuðum í Indlandi. Ég flaug til Nýju Delhi og tók þar bíla-leigubíl og ók um merkustu svæðin. Þaðan flaug ég til Bangkok sem mér þótti afar subbulegur staður. Ég stoppaði þar í smátíma en fór síðan niður til Malasíu og endaði loks á Bali. Fyrir utan það hef ég ferðast um alla Evrópu.“


Margar tegundir af ferðamönnum

„Ég sá helling á þessum ferðum mínum og við Íslendingar megum þakka fyrir það sem við höfum. Ferðamannaíðnaðurinn á eftir að eflast mun meira héraðs en hvort við néma honum til Vestfjarða tel ég að sé miklu stærri höfuðverkur. Ísland er mjög dýrt land og við hugsum ekki nógu um þann fjölda sem vill ferðast fyrir lítinn pening. Þetta fólk eyðir samt miklum peningum. Það vill ekki kasta þeim í dýra gistingu heldur nota þá í eitthvað annað. Þannig var það þegar ég var að ferðast. Ég gisti frekar á lítt þekktum stöðum heldur en á þessum dýru og flottu. Stundum voru ekki einu sinni böð eða salerni til staðar en maður svaf bara þarna. Svo eyddi maður miklu meiri pening í það að skoða landið.“

Það eru til nokkrar tegundir af ferðamönnum og Íslendingar þurfa að huga að þeim öllum. Sem dæmi má taka að fólkið sem kemur hingað á skemmtiferðaskipunum skilar naumast peningum til samfélagsins, jú auðvitað skila þeir alltaf einhverju en ekkert í líkingu við það sem vonast var eftir. Það hefur allt til alls og nennir ekki einu sinni að kaupa litla minjagripi til þess að hafa með sér. En hinir sem eru ekki að eyða miklum peningum í mat og gistingu taka með sér eitthvað til þess að muna eftir ferðinni þegar heim er komið. Þetta er munurinn og ég held að við séum svolítið

„Við ætluðum aldrei að eiga neina verslun, í upphafi ætluðum við aðeins að flytja inn fyrir heildsala. Við vorum búin að kasta okkur út í nær hálftrar milljón króna kostnað við að flytja prufur til landsins en svo vildi heildsalinn ekki borga nógu gott verð fyrir þær. Þá sáum við fram á að við gætum alveg gert þetta sjálf.“

Óknar



á villigötum með þetta. Við erum alltaf að hugsa um toppinn og þá sem eiga mestan pening en þeir eiga allt og það er hinn almenni ferðalangur sem eyðir mestu þótt það sé lítið í einu.

Það þarf líka að huga að því

hvað það er sem fólk er að kaupa, vanalega er það eitt-hvað sem er sérstakt og kostar lítinn pening. Eins og sumarið 2005 þegar eitt skemmtiferðaskipið lagðist að í Önundarfirði vegna veðurs, þá heim-sóttu farþegarnir handverks-

húsið á Flateyri og þar seldist allt upp. Það er því margt sem heimamenn geta gert til þess að búa sér betur í haginn. Ekki eingöngu þegar kemur að ferðamönnum heldur ætti einnig að beita sér fyrir því að fyrirtæki sem vinna þróunar-

vinnu kæmu vestur með starfsmenn sína þar sem þeir gætu verið í friði til þess að klára verkefni sín. Í borginni er svo mikið áreiti að góðir möguleikar eru á því að fyrirtæki fengjust til þess að koma í róna og næðið í vestrinu. Það

skilur alltaf eitthvað eftir sig í samfélaginu. Það er hellingur af húsnæði í boði fyrir slík fyrirtæki en það sem setur strik í reikninginn er nettengingin. Stjórnmaðlammenn ættu að beita sér sérstaklega fyrir því að bæta internetið hér

vestra því það mun auka atvinnumöguleikana. Til þess að geta boðið nýjum fyrirtækjum og nýjum tækifærum vestur verða menn að taka til heima hjá sér“, segir Guðbjartur sem þekktur er fyrir að orða hlutina skemmtilega.

Glimumenn í víking til Spánar

Glimudeild Harðar á Ísafirði hefur óskað eftir styrk vegna ferðar glímumanna frá Ísafirði til Leon á Spáni, þar sem þeir hyggjast heim-sækja glímufélagið Loopi. Í bréfi sem Hermann Niélsson, formaður félagsins og þjálfari glímumanna, skrifar bæjaryfirvöldum í Ísafjarð-arbæ, segir meðal annars: „Íslenska glíman er þjóðararfur okkar Íslendinga, menning sem Íslendingar hafa viðhaft frá upphafi byggðar í landinu, hún flokkast því bæði sem íþrótt og menningarstarfsemi. Áhugi á íþróttinni fer mjög vaxandi meðal yngri sem eldri íbúa á norðanverðum Vestfjörðum eftir að iðkun glímunnar hófst að nýju eftir áratuga hlé. Glimumenn frá Ísafirði hafa þegar gert garðinn frægan með góðum árangri í glímu bæði í eldri og yngri aldursflokkum. Í því sambandi má nefna glæsilegt Meistaramót Íslands í glímu sem fram fór á Ísafirði nýlega og frækna för yngri glímukrakka frá Ísafirði á Grunnskólámót og Meistaramót yngri flokka í Reykjavík.“

Gengið verður til alþingiskosninga þann 12. maí næstkomandi, og af því tilefni hefur Bæjarins besta að undanfögnu rætt við forystumenn stjórnmalaflokkanna í Norð-vesturkjördæmi. Sturla Böðvarsson hjá Sjálfstæðisflokki reið á vaðið fyrir tveimur vikum og svo kom Guðbjartur Hannesson hjá Samfylkingu í síðustu viku. Nú er röðin komin að hinum Vinstri græna Jóni Bjarnasyni, en líkt og greint hefur verið frá áður eru líklega stærstu tíðindin í þeim skoðana-könnunum sem birst hafa undanfarið hin gríðarlega fylgisaukning sem virðist vera að eiga sér stað hjá hans flokki. Bæjarins besta spurði Jón út í nokkur þeirra málefna sem helst brenna á Vestfirðingum.

Allir eiga jafnan rétt til félagslegrar grunnþjónustu

– Hvernig telur þú að ríkisvaldið geti komið að því að efla atvinnulíf á Vestfjörðum?

„Hugarfar stjórnvalda þarf að breytast og samkeppnisstöðu atvinnulífs og búsetu að verður að jafna. Þó ólík séum erum við ein þjóð í þessu landi og eigum jafnan rétt til félagslegrar grunnþjónustu hvar sem við búum. Stefna núverandi stjórnvalda í atvinnumálum hefur verið Vestfirðingum mjög andstæð. Einkavæðing almannþjónustu eins og Símans hefur leikið Vestfirðinga grátt. Með harðfylgi Vinstri grænna á Alþingi tóks að koma í veg fyrir áform ríkisstjórnarinnar um algjöra einkavæðingu á starfstöðvum Vegagerðinnar.

Þingmenn VG stöðvuðu í bili áform um að setja Orkuþú Vestfjarða upp í stóriðjuskuld-ir Landsvirkjunar. Það verður

að stöðva einkavæðingaræðið að grunnþjónustu landsmanna.

Grunnur atvinnulífsins á Vestfjörðum er sjávarútvegurinn, fiskveiðar og fiskvinnsla. Nálægðin við fiskimiðin skap- aði þessar byggðir, verðmæti þessarar auðlindar hefur ekki síst orðið til vegna vinnu dugmikilla sjómanna og land- verkafólks. Útgerðarmenn einir fengu úthlutað fiskveiði- réttindum á sínum tíma og hafa því miður getað framselt þau réttindi jafnvel út úr byggðalaginu og það setur ör- yggi íbúanna í algjört uppnám. Tryggja verður sjávarbyggð- unum grunnrétt til hluta afla- heimilda og treysta ákveðinn forgang þeirra að veiðum á grunnslóð og vinnslu fiskjar- ins í landi.

Leiðrétta þarf tekjuskript- ingu ríkis og sveitarfélaga. Ríkið hefur mergsogið sjávar- byggðirnar. Eitt brýnasta mál- ið er að koma með aukid fjár- magn inn til sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið undir samfélagsþjónustunni, nauð-

Jon Bjarnason

oddviti Vinstrihreyfingarinnar – Græns framboðs

synlegu viðhaldi og fram- kvæmdum sem hvert sveitar- félag verður að geta búið við. Jöfnun flutningskostnaðar er líka brýnt mál og er aðgerð sem jafnar samkeppnisstöðu atvinnulífsins og búsetunnar. Koma þarf á strandsiglingum. Mikilvægt er að styrkja og efla menntun bæði í grunn- menntun, símenntun og end- urmenntun. Þetta getur ríkið gert til jöfnunar og stuðnings búsetunnar og atvinnulífs ný- tur góðs af. Ríkisvaldið getur komið að grunnstuðningi til nýsköpunar og þróunarstarfs við ákveðnar atvinnugreinar, en ekki síst þau fyrirtæki sem eru til staðar og geta vaxið.

Ég hef flutt tilögu á Alþingi um að ríkið komi með mynd- arlegan grunnstuðning við uppbyggingu náttúru- og menningartengdar ferðaþjón- ustu á Vestfjörðum, en í þeirri grein eru gríðarlegir mögu- leikar til framtíðar. Sérstakt átak þarf að gera í jákvæðri markaðssetningu Vestfjarða til atvinnulífs og búsetu. Ríkið getur eflt sjúkrahúsið, styrkt stöðu þess og komið með auk- ið fjármagn inn í öldrunar- þjónustuna á heimaslóð. Góð samfélagsþjónusta og fjöl- breytt og öflugt atvinnulíf er forsenda búsetunnar.“

– Sérðu fyrir þér breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á næstu árum og hverjar þá?

„Sjávarútvegur er einn af grunnatvinnuvegum þjóðar- innar og skilar mestum tekjum í þjóðarþúð, en skiptir jafn- fram meginmáli fyrir atvinnu- líf og búsetu í sjávarbyggð- unum vítt og breytt um landið. Tilhögun og hagkvæmni í þessari atvinnugrein skiptir því alla íbúa landsins máli. Hafa skal ávallt í huga að fisk- veiðiauðlindin er sameign þjóðarinnar. Það er hinsvegar nýtingarrétturinn sem er veitt- ur aðilum og það tímabundið. Kvótakerfið var í upphafi hluti fiskverndaraðgerða en snýst nú nánast eingöngu um fjár- magn og viðskipti. Íbúar sjáv- arbyggðanna hafa staðið ber- skjaldaðir í þeim leik. Það verður að tryggja byggðarlög- unum, íbúunum, ákveðinn hlut í fiskveiðiheimumunum þannig að ekki sé hægt að selja þær eða leigja fyrirvara- laust í burtu. Allar breytingar þurfa langan tíma en sú óvissa sem íbúarnir búa við núna er algjörlega óviðunandi. Að sjálfsögðu þarf að auka hlut vistvænna veiða, rannsóknir á veiðarfærunum og áhrifum þeirra á lífríkið. Þetta þarf að rannsaka til að tryggja betur líffræðilegar forsendur veið- anna og samspil milli ein- stakra stofna. Alveg er aug- ljóst að kvótakerfið sem slíkt hefur ekki stuðlað að upp- byggingu fiskistofnanna í kringum landið, þannig að það

þarf einhverjar aðrar aðgerðir til þess að svo megi verða. Stórauka þarf fiskifræðilegar rannsóknir, m.a. hvort ein- stakir nytjastofnar séu stað- bundnari en áður var talið og móta grunn fyrir staðbundna eða svæðisbundna fiskveiði- stjórnun. Efla þarf allar fræði- legar grunnrannsóknir á lífríki og vistfræði sjávar og áhrif veiða og veiðarfæra í sam- vinnu við sjómenn. Miðstöð þessara rannsókna gæti ein- mitt verið á Ísafirði og það ætti að sjálfsögðu að vera verkefni Háskólans á Vest- fjörðum.“

Ísland á að lýsa sig fyrirfram andvígt innrás í Íran

– Taldirðu rétt á sínum tíma að Ísland færi á lista hinna staðföstu í Washington, og tæki þátt í Íraksstríðinu – og hefur afstaða þín til stríðsins, og þátttöku Íslands í því, breyst á síðustu misserum?

„Stuðningur íslenskra stjórn- valda við innrásina í Írak er einn svartasti blettur á ís- lenskri þjóð frá því landið varð sjálfstætt. Þingmenn Vinstri grænna töluðu einum rómi gegn árásarstríði á Írak og hafa reyndar haldið því máli á lofti. Við höfum krafist þess að for- ystumenn Framsóknarflokks- ins og Sjálfstæðisflokksins,

afturkalli nú þegar stuðning sinn við innrásina í Írak, biðji íslensku þjóðina afsökunar á þeim herfílegu mistökum og biðji einnig írósku þjóðina og alþjóðasamfélagið afsökunar að hafa stutt árásarstríðið í Írak. Nú undirbúa Bandaríkin innrás í Íran. Ísland á að lýsa sig fyrirfram andvígt slíkum áformum.“

Nám í heimabyggð til 18 ára aldurs

– Hvernig sérðu fyrir þér uppbyggingu menntamála í fjórðunginum á næstu árum – með sérstakri áherslu á há- skólauppbyggingu á Ísafirði og framhaldsskólauppbyg- gingu á suðurfjörðunum?

„Ég hef ítrekað flutt tillögur um sjálfstæðan Háskóla á Ísa- firði. Sérsvið hans ættu að vera rannsóknir á lífríkinu í Norð- urhöfum, hinum ýmsum þátt- um sem tengjast fiskveiðum og veiðarfærum, rannsóknir sem tengjast fjölbreyttu lífríki Vestfjarða, Hornstranda o.s. frv. Háskóli Vestfjarða á ein- mitt að stunda rannsóknir sem lúta að þróun atvinnulífs sem byggir einmitt á þessum auð- lindum sem liggja annað hvort fyrir ströndum Vestfjarða eða í landinu og náttúrunni sjálfri. Efling iðnnáms, tæknináms og verknáms er líka forgangs- mál á Vestfjörðum. Styrkja þarf stöðu grunnskólanna í

STAKKUR SKRIFAR

Vatnaskil og „náttúrufasismi“

Ákveðin vatnaskil urðu með kosningu um deiliskipulagstillögu í Hafnarfirði 31. mars síðastliðinn. Hún var nýlunda sem allir vissu að snerist um framtíð álversins í Straumsvík. Baráttan var hörð og dýpri pólitískur undirtónn en kosning um venjulegt deiliskipulag. Tvenn sjónarmið tókust á, annars vegar þeirra sem vilja stöðva nýtingu náttúruauðlinda Íslands sem felast í vatnsorku og hitaorku í iðrum jarðar og hins vegar þeirra sem telja að eðlileg notkun náttúrugaða tryggi áfram vöxt og viðgang íbúanna.

Að lokum var afar mjótt á munum, 88 atkvæði skildu að þá sem vildu ekki álver og hinna sem töldu hag sínum betur borgið með stækkun þess. Hin undirliggjandi harka skýrist af því að þjóðin er að skiptast í tvær fylk- ingar, annars vegar ákafa liðsmenn náttúrverndar og hins vegar hófsamari fylkingu þeirra sem vilja nýta gæði landsins til að skapa arð fyrir landsmenn sjálfa. Fróðlegur verður dómur sögunnar um átök fylkinganna.

Margir virðast halda að sjálfgefið sé að efnahagur Íslendinga sé góður, hagvöxtur eðlilegur hluti nútímalífs ásamt mikilli almennri velmegun. Ekkert er víst í þessum efnun fremur en öðru í þjóðlífinu. Almenn velmegun um langt skeið slævir tengsl fólks við lind auðs og fjármagns. Það er eðlilegt. Kjósendur sem komnir eru á fertugsaldur þekkja ekki óðaverðbólgu og atvinnuleysi, eins og ríktu á áttunda og reyndar níunda áratugnum, en sá

tíundi einkenndist af stöðugri uppbyggingu, sem meðal annars hafði í för með sér miklar þjóðlífsbreytingar tengdar miklum innflutningi vinnuafis og erlendra ríkisborgara. Annað eins hafði ekki gerst með svipuðum hætti frá því í seinni heimsstyrjöld síðustu aldar.

Mörgum er annt um náttúruna, en sérstakir hópar hafa eignað sér málstaðinn og ekkert má við henni hröfla að þeirra mati. Ætli því fólki yrði ekki brugðið ef náttúrvernd yrði af þeirri gráðu að hætt yrði að vinna olíu? Skyldi því bregða ef botvörpuveiðar yrðu bannaðar undir merkjum náttúruverndar? Hvað með virkjun jarðvarmans á Helliheiði? Það gleymdist að mótmæla henni vegna ákafans við Kárahnjúka. Enda er erfitt að skrúfa fyrir þaðvatnið í Reykjavík þótt brennisteinsmengun fylgi. Sú hugsun að útiloka nýtingu auðlinda er galin. Þær ber að sjálfsögðu að nota af skynsemi til að bæta haga íbúa Íslands.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar taldi sig geta verið hlutlaus og vann þó deiliskipulagið sem kosið var um. Er „náttúrufasismi“ þeirra sem eignar sér einkarétt á náttúrvernd svo harður orðinn að hinir hófsamari, sem kosnir hafa verið til að ráða málum, telja sér vænst að þegja? Á að banna landbúnað næst vegna mengunar af fretum búpenings? Reykingar menga líka. En Sedlabankinn má vera ánægður með stuðninginn við að draga úr þenslu.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sandra Bullock til Vestfjarða

Bandaríska leikkonan Sandra Bullock er væntanleg til Vestfjarða í lok árs til þess að vera við tókur á kvikmyndinni Agenda 1 þar sem hún fer með aðalhlutverkið. Að því er fram í Fréttablaðinu staðfestir Kristján Grétarsson, framkvæmdastjóri Saga Film þetta. Kristján segir framleiðendur og leikstjóra myndarinnar hafa komið í skoðunarferð og lítist afar vel á Vestfirði. Kvikmyndin verður að stærstum hluta tekin hérlendis.



minni samfélögum. Þeir eru lífæð allra byggðarlaga og hafa verður í huga að þótt sveitarfélög séu sameinuð stjórnsýslulega þá eru samfélögin sem slík óbreytt. Standa þarf vörð um grunnskólana í hinum ýmsu byggðarlögum, hvort sem er á Suðureyri, Þingeyri, Flateyri, Súðavík eða á Barðaströndinni. VG leggur áherslu á nám í heimabyggð til 18 ára aldurs. Við leggjum áherslu á eflingu Menntaskólans á Ísafirði. Við leggjum áherslu á eflingu fjar-náms á sem flestum sviðum og að ríkið eigi að koma mun myndarlegar inn í það að styðja við það nám. Framhaldsskóli á sunnanverðum Vestfjörðum er eitt brýnasta mál á því svæði. Miklar væntingar eru bundnar við það til-raunastarf sem þar er nú að hefjast um að koma þar upp námi á tveimur fyrstu árum framhaldsskóla, sem staðsett yrði á Patreksfirði. Getur þar ráðið úrslitum að ríkið komi með myndarlegum hætti að því að styðja það verkefni fjárhagslega. Eflitið er til Hólma-víkur og þess svæðis þá tel ég mikilvægt að huga að því að þar geti samfélagið – bæði ungt fólk og samfélagið í heild – stundað skilgreint framhaldsskólánám, þá í samstarfi við framhaldsskóla en það getur verið byggt upp þar. Fjölbreytt námsframboð í heimabyggð hvort heldur staðbundið eða í fjarnámi skiptir miklu máli fyrir samfélagið.“

Veruleg hækkun persónuafsláttar og laun án skerðinga

– Hvernig viltu stefna að bættum kjörum öryrkja og aldraðra og annarra sem minna hafa í samfélaginu, á komandi árum – ef þú þá vilt það yfir höfuð?

„Stjórnarandstaðan, Vinstrihreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn, lögðu fram í upphafi síðastliðins þings sam-eiginlega þingsályktunartil-lögu um grundvallarúrþætur í lífeyrstryggingakerfinu ein-mitt hvað laut að kjörum öryrkja og aldraðra. Bætt kjör og bætt staða þessa fólks er eitt brýnasta velferðarmál sem okkur ber skylda til að leysa úr. Í þessum tillögum leggjum við til að tekjutrygging aldr-aðra verði hækkuð, einnig að dregið verði úr skerðingar-áhrifum tekna. Við leggjum til að frítektur vegna atvinnu-tekna lífeyrisþega verði a.m.k. 75.000 kr. á mánuði og skerði ekki tekjutrygginguna þannig að lífeyrisþegar fái frekar hvatningu til að vera áfram á



vinnumarkaðnum og sé ekki refsað með skerðingum og sköttum. Slíkt hvetur til þátt-töku á vinnumarkaðnum svo lengi sem fólk óskar þess. Þetta er brýnt hagsmunamál bæði fyrir einstaklingana sem eiga í hlut og einnig samfélagið. Hækka þarf persónuaf-sláttinn verulega. Hann hefur hvorki fylgt verðlagsvisitölu né launavísitölu. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar eiga að njóta fyllilega sambærilegra kjara við aðra og getað lífað með fullri reisu til æviloka hvað tekjur og kjör varðar. Einnig þarf að efla endurhæfingu, þjálfun, heimahjúkrun og öldrunarþjónustu í heima-byggð.“

„Bættar samgöngur eru algjört for-gangsmál byggðanna á Vestfjörðum“

– Hver eru forgangsríði í samgöngumálum á Vestfjörð-um, að þínu mati?

„Bættar samgöngur eru eitt brýnasta mál Vestfirðinga. Þeir hafa orðið mjög afskiptir í uppbyggingu samgöngu-mannvirkja, sérstaklega vega. Þær áætlanir og fyrirheit sem gefin hafa verið á undanförn-um árum hafa mörg hver verið svikin. Nú síðast í sumar voru nýframkvæmdir á Vestfjörð-um frýstar um tíma vegna þenslu annars staðar á landinu. Framlög til vegamála hafa verið skorin niður um millj-árða síðastliðin ár miðað við gildandi vegaáætlun til að mæta stóriðjuþenslunni í fjar-lægum landshlutum.

Strandsiglingar eru for-gangsmál í samgöngumálum með áætlun a.m.k. tvisvar í viku á aðalhafnir Vestfjarða og þar verði einnig vörur toll-afgreiddar.

Stórátak verður að gera í

jarðgangagerð. Íbúar Vest-fjarða minnst frumkvæðis og áráðis í ráðaherratið Stein-gríms J. Sigfússonar. Jarð-göngin milli Ísafjarðar, Flat-eyrar og Suðureyrar sýndu hvað hægt er að gera ef vilji og dugur stjórnvalda er til staðar.

Treysta þarf samgöngur á milli aðliggjandi þéttbýlis-staða á svæðinu. Jarðgöngum um Óshlíð verði flýtt sem nokkur kostur er og í beinu framhaldi þarf að huga að jarð-göngum milli Ísafjarðar og Súðavíkur og milli Arnar-fjarðar og Dýrafjarðar og heilsársveg innan fjórðungs-ins. Flýta þarf framkvæmdum á láglendisvegi með bundnu slitlagi milli Suðurfjarða og Bjarkarlunds. Ljúka þarf vegi með bundnu slitlagi til Ísa-fjarðar og gera átak í veginum norður strandir til Hólma-víkur, Drangnes og norður í Ár-neshrepp, það er sorglegt hve

Sólstafrir opna heimasíðu

Ný heimasíða Sólstafa Vestfjarða, systrasamtaka Stígamóta hér vestra, var formlega opnuð í húsakynnum tölvuþjónustunnar Snerpu á Ísafirði í síðustu viku. Forystukonur Sólstafa hafa unnið að gerð síðunnar undanfarnar vikur í samstarfi við Snerpu, en fyrir-tækið gefur alla vinnu við síðuna. Inni á síðunni má finna fréttir af starfinu, greinar, upp-lysingar um Sólstafi, fjölmarga tengla inn á hjálplegar síður o.fl. Í tilkynningu frá Sólstöf-um kemur fram að allar ábendingar um efni sem gæti átt heima á síðunni eru vel þegnar. Þá vilja Sólstafakonur þakka Snerpu auðsýnda velvild og sérstaklega Ágústi Atlasyni.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

löggiltur fasteignasali

Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason

löggiltur fasteignasali

Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is

Heimasíða: www.fsv.is



Sólsgata 8, Ísafirði

3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þrjúbýlishúsi ásamt helmingi kjallara, sér herbergi og geymsla í kjallara, samtals 138 m².

10.300.000,-



Ólafstún 4, Flateyri

140 m² einbýlishús úr forsteyptum einingum ásamt bílskúr, byggt árið 1977. Bílskúr er 49,6 m² að stærð. Fjögur svefnherbergi.

13.000.000,-



Stórholt 9, Ísafirði

164 m² 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Baðherbergi endurnýjað.

16.200.000,-



Miötún 37, Ísafirði

189 m² steinsteypt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús.

21.300.000,-



Mjallargata 1, Ísafirði

75,6 m² Þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, sérinngangur, geymsla í íbúð.

9.500.000,-



Skólastigur 24, Bolungarvík

140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteypu 1959, fjögur svefnherbergi.

7.200.000,-



Silfurgata 11, Ísafirði

125 m² fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölbýlishúsi.

10.000.000,-



Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal

220 m² Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steypt en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m².

18.000.000,-



Aðalstræti 22b, Ísafirði

Samtals 355 m² timburhús á besta stað í bænum. Hægt er að kaupa hverja hæð fyrir sig eða allt húsið.

Tilboð óskast



Engjavegur 9, Ísafirði

220 m² einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítil séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út.

24.000.000

sá vegur hefur verið afskiptur. Auka þarf mokstur og þjón-ustu á vegunum. Vegurinn um Arnkötludal verður mikil samgöngubót.

Safn og tengivegir sem liggja inn til dalanna og út með ströndunum hafa verið afskiptir. Gera þarf stórátak í endurbótum þessara vega. Þeir tengja saman fámennari byggðir við aðalvegi fjórð-ungsins og eru nánast allir í afar döpru ástandi. Af mörgu er að taka en brýnt að hefja nú

þegar raunverulegt átak í sam-göngumálum Vestfirðinga. Bættar samgöngur eru algjört forgangsmál byggðanna á Vestfjörðum.“

– eirikur@bb.is

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560



Rífandi stemmning á Aldrei fór ég suður

Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, var haldin í fjórða sinn á Ísafirði um síðustu helgi. Hátíðin hefur stækkað með hverju árinu og í ár þurfti að taka tvo daga undir herlegheitin, en 37 hljómsveitir stigu á stökk í gömlu Ríkisskipa skemmuni við Ásgeirsbakka. Það var vestfirska hljómsveitin Kristina Logos sem hóf leikinn kl. 19 á föstudag en meðal atriða það kvöld voru Pétur Ben, Bógomil Font og Flís, Mínus, Blonde Redhead og Sökudólgarnir, en með Sökudólg-

unum spilar Ísafirðingurinn Skúli Þórðarson.

Á laugardeginum voru það þeir Heiðar Örn Kristjánsson og Haraldur Freyr Gíslason, oft kenndir við Botnleðju, sem stigu fyrstir á svið með hljómsveit sinni, Pollapönki. Í kjölfarið fylgdu svo atriði frá sveitum eins og Jan Mayen, Sprengjuhöllinni, Ælu og Esju, auk þess sem hinn æviráðni Siggí Björns spilaði að sjálfsögðu. Atriði Lúðrasveitar Tónlistarskólans og Apollo vakti mikla athygli, en sveitirnar tóku m.a. We will rock

you, sem hljómsveitin Queen gerði frægt á sínum tíma.

Talið er að flestir hafi verið í húsinu um það leyti sem Lay Low, Ampop og Reykjavík! spiluðu. Næst síðasta atriðið á svið var önfírski karlakórinn Fjallabráður sem vakti stormandi lukku. Það var þungarokkssveitin goðsagnakennda, Ham, sem var síðasta atriði hátíðarinnar, en hún spilaði þegar klukkan var um 2 eftir miðnætti.

Rokkstjóri Aldrei fór ég suður, Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, er að vonum ánægð-

ur, enda fór hátíðin einstaklega vel fram. Skipuleggjendur hátíðarinnar, gæsla og lögregla voru með gott eftirlit á hátíðinni auk þess sem fíkniefnaleitarhundurinn Tíri og umsjónarmaður hans, frá lögreglunni í Borgarnesi, voru lögreglumönnum á Vestfjörðum til aðstoðar við eftirlitið á hátíðinni.

Ljósmyndarar blaðsins voru að sjálfsögðu á hátíðinni og tóku þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir munu birtast á svipmyndum á bb.is innan tíðar.

– tinna@bb.is



Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltadóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Helgu Völu Helgadóttur

www.helgavala.blog.is/blog/helgavala/

Jæja... þá eru tónleikarnir frá. Skriðurnar stóðu sig með þryði þó ég segi sjálf frá. Mér fannst þetta auðvitað óstjórnlega gaman enda með sýnibörf á háu stigi. Eins og áður sagði hef ég áhyggjur af því að það fari eins fyrir mér eins og Magna. Ég er nefnilega ekki viss um að ég höndli alla þessa frægð á svona stuttum tíma. Ég kom í fyrsta sinn við bassa um áramótin og í kvöld var ég að leika á þennan sama bassa á tónleikum fyrir þúsundir á Aldrei fór ég suður. Áður en ég fór á sviðið, til að leika á tónleikum í fyrsta sinn á ævi minni, var ég beðin um að gefa eiginhandararitun.

Smáauglýsingar

Til sölu er Subaru Legacy árg. 96, ekinn 172 þús. km. Verð kr. 350 þús. Uppl. í síma 898 8646.

Til sölu er eignarhlutur í Blóma-turninum á Ísafirði. Um er að ræða 16,67% hlut. Uppl. gefur Jónína í síma 456 5199.

Svört Toy Machine úlpa með appelsínugulu fóttri og loðkraga tapaðist aðfaranótt laugardags. Vinsamlegast hafið samband í síma 893 2234.

Hefur þú nokkuð séð Babyfone hlustunartækið okkar? Vinsamlegast hafið samband í síma 864 1377 ef svo er.

Konica Minolta ljósmælir tapaðist á Ísafirði um páskana. Finnandi vinsamlegast hafið samband við Sigurð í síma 899 0716.

Íþrótt- og ungmennafélagið Vestri boðar til stofnfundar á Hótel Ísafirði 28. apríl nk. kl. 16. Á dagskrá er samþykkt laga félagsins, kjör stjórnar og önnur aðalfundarstörf. Sameiningar-nefnd G4.

Spyr um kostnað

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-lista, lagði fram tvær skriflegar fyrirspurnir á fundi bæjarráðs, sem báðar tengjast tillögum bæjarráðs um 9% niðurgreiðslu á heitum máltíðum frá SKG-veitingum í mötuneytum Grunnskólans á Ísafirði og Hlífar frá og með 1. apríl sl.

Niðurgreiðslutillagan kom til í kjölfar virðisaukaskattslækkunarinnar í byrjun síðasta mánaðar, og umræðu um það hvort SKG-veitingar ættu að lækka verðið hjá sér, eða hvort biða ætti með endurskoðun samnings fram til 1. ágúst og miða þá við neysluvísitölu. Arna Lára spyr annars hversu mikið er gert ráð fyrir að lækkunin komi til með að kosta bæjarsjóð á ári, og hins vegar hverjar forsendurnar á bak við 9% lækkun séu.

Sigurður Pétursson, samflokksmaður Örnú Láru, lét bóka á síðasta fundi bæjarráðs á undan þessum að „SKG-veitingar ehf. ættu að sjá söma sinn í að skila til viðskiptavina sinna þeirri lækkun á virðisaukaskatti matvæla, sem í hlut fyrirtækisins hefur komið“, líkt og segir í bókuninni.

Spurning vikunnar

Sækir þú kirkju um páskana?

Alls svöruðu 507.

Já sögðu 95 eða 19%

Nei sögðu 349 eða 69%

Óvíst sögðu 63 eða 13%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Skellti sér til Íslands



Áshild Höva Sporsheim er einn af skíðaþjálfurum Skíðafélags Ísafjarðar. Hún kemur frá bænum Dombås í Noregi en hefur undanfarin ár búið í Lillehammer þar sem hún hefur verið við nám og störf. Áshild er 26 ára gömul, elst þriggja systra. Þessi glaðlega, freknótta stúlka vakti athygli blaðamanns BB, ekki sist vegna þess að hún hefur náð mjög góðum tókum á íslensku þrátt fyrir stutta dvöl hér á landi. Það lá því beint við að forvitnast aðeins um hagi hennar og veru hér á Vestfjörðum.

–Hvernig kom það til að þú ákvaðst að flytja til Íslands?

„Ég sá auglýsta stöðu skíðaþjálfara hér á Ísafirði og mig langaði til að prufa eitthvað nýtt þannig að ég ákvað bara að skella mér. Ég kom til Íslands í fyrrahaust en ég var búin að hugsa um það í einhvern tíma að flytja til útlanda. Ég bý inni í Múlalandi, í íbúð sem Skíðafélag Ísafjarðar útvegaði mér, og vinn við gönguskíðaþjálfun. Ég þjálfá aðallega börn níu ára og eldri, en einnig unglínga allt yfir títugt. Krakkarnir hér eru mjög duglegir og nokkrir afar efnilegir. Mér finnst samt mikilvægast að þeir sýni bættan árangur og það hafa þeir gert í vetur.“

–Hvernig líkar þér dvölin?

„Mér finnst rosalega gaman að vera hér á Íslandi og á Ísafirði. Mér finnst náttúran hér óskaplega falleg. Það er alltaf gaman að kynnast nýjum löndum, en það kom mér á óvart að munurinn á Íslandi og Noregi er furðu mikill.“

–Í hverju felst sá munur aðallega?

„Það var tekið ótrúlega vel á móti mér þegar ég kom hingað fyrst. Fólk hér á Ísafirði er mjög opið og almennilegt. Í Noregi finnst mér fólk vera mun lokaðara og ég myndi mér að erfiðara sé að koma inn í lítil samfélög þar en var fyrir mig að koma hingað. Foreldrar mínir komu í heimsókn hingað í vetur og þau tóku einnig eftir þessu. Allir bjóða mann velkominn og eru alltaf tilbúnir að hjálpa manni. Ég kann því vel við mig á Ísafirði.“

–Nú er skíðaganga mjög vinsæl íþrótt í Noregi. Eru allir í fjölskyldunni þinni á gönguskíðum?

„Systur mínar æfðu skíðagöngu en eru hættar því núna. Eins og þú segir er íþróttin mjög vinsæl í Noregi og þó að það æfi ekki allir skíðagöngu stunda hana mjög margir sér til gamans og heilsubótar. Ég var átta ára þegar ég fór fyrst á gönguskíði og fór þá með mömmu minni, bara til að prufa og skemmta

mér. Ég byrjaði ekki að æfa að neinu ráði fyrir en ég var ellefu ára. Ég æfði svo fram á unglingsár en er hætt því núna og hef snúið mér að þjálfun. Þegar ég var yngri æfði ég einnig fjárlasar íþróttir og fótþolta. Þá æfði ég nokkuð sem kallast á norsku allidrett, en þar eru hinar ýmsu íþróttagreinar æfðar í bland, bæði þessar hefðbundnu, fótþolti, körfubolti og handþolti og svo aðrar óhefðbundnari. Þetta er mjög sniðugt fyrirkomulag, maður kynnist fleiri íþróttagreinum á skemmri tíma.“

–Hefur þú eitthvað stundað skóla meðfram gönguskíðunum?

„Ég var á íþróttanámsbraut í eitt ár og er búin með fjögur ár í hagfræði. Ég ætla mér svo að taka masterspróf í íþróttastjórnun, en það er tveggja ára nám, þar sem maður lærir m.a. um pólitík í íþróttum, t.d. í Noregi og í Evrópu. Ég byrja í því námi í haust.“

–Hvað verður þú þá lengi á Íslandi?

„Ég fer heim til Noregs 1. maí. Ég missi því miður af sumrinu hér en mér er sagt að sumrin á Ísafirði séu mjög skemmtileg. Þegar ég kom í fyrra var sumarið eiginlega búið þannig að ég verð bara að koma í heimsókn einhvern tímann síðar og upplifa sumarstemningu á Ísafirði. Ég

verð hinsvegar héra um páskana og hlakka mikið til. Ég ætla auðvitað á Aldrei fór ég suður. Ég þekki reyndar fæstar hljómsveitanna sem eru að fara að spila en mér er sagt að það sé mikið stuð á hátíðinni.“

Aðspurð um önnur áhugamál en gönguskíðin segist Áshild aðallega einbeita sér að íþróttum, þó að henni finnist líka gaman að horfa á góðar kvikmyndir. Flestir vinir hennar í Noregi stunda skíðagöngu, en þó bregði þau sér stundum á svigskíði. Um 15 km fyrir utan Lillehammer er skíðasvæðið í Hafjell, en þar eru 13 lyftur og 29 brautir, sú lengsta um 7000 metra löng, það liggur því beint við að fara þangað. Áshild hefur einnig mikinn áhuga á Telemark aðferðinni, en það er skíðastíll sem kenndur er við norska fylkið Telemark, en til fylkisins má í raun rekja upphaf skíðaíþróttarinnar. Í Telemark stílnum eru skíðaklossarnir lausir í hælinn, eins og á gönguskíðum og hnén eru beygd á vixl þegar farið er niður brekkuna.

„Ég hef farið nokkrum sinnum á Telemark skíði hér á Ísafirði, en geri ráð fyrir að fara oftar um páskana, þegar kærastinn minn kemur í heimsókn. Ég hef lítið hætt mér útfyrir troðnar brautir, enda víða verið snjóflóðahætta í

vetur og ég ekki vel kunnug staðháttum. Ég vona þó að mér gefist einhver tækifæri til þess áður en snjórinn hverfur.“

–Nú hefur verið þokkalega mikill snjór hér í vetur og gönguskíðafæri verið með ágætum. Hvernig finnst þér skíðasvæði Ísafirðinga?

„Skíðasvæðin hér eru mjög góð en dálítið ólík þeim sem ég á að venjast. Það á sérstaklega við um göngubrautina, en mér finnst hún heldur stutt, og þá sérstaklega kaflinn sem er upplýstur. Í Lillehammer eru upplýstar brautir um 200 km að lengd og maður getur því gengið og gengið allan veturinn án þess að vera alltaf á sama staðnum. Ég get ímyndað mér að það sé leiðingjarn til ganga alltaf sömu brautina, sérstaklega ef maður fer einu sinni til tvisvar á dag á gönguskíði. Aðstæður hér leyfa þó kannski ekki að stærri brautir verði gerðar á þessum stað. Þegar veðrið er gott er samt einstaklega gaman að skíða uppi á Seljalandsdal.“

Það er nóg að gera hjá Áshild, en framundan eru stór mót eins og Andrésar Andar leikarnir á Akureyri, en þangað fara árlega um 50 börn frá Skíðafélagi Ísafjarðar. Einnig ætlar hún að taka þátt í Fossavatnsgöngunni og því ljóst að tímenn sem hún á eftir á Ísafirði verður ekki vannýttur.

Bæjarstjórn samþykkir F&S hópferðabíla

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur staðfest afgreiðslu bæjarráðs á erindi Ferðapjónustu Margrétar og Guðna ehf. (FMG) þar sem óskað var eftir samþykki Ísafjarðarbæjar á að F&S Hópferðabílar taki yfir samning Ísafjarðarbæjar og FMG ehf., um akstur almenningsvagna samkvæmt leið 1 og leið 2 á Ísafirði. Málið hafði áður verið afgreitt úr bæjarráði sem trúnaðarmál. Eins og sagt hefur verið frá hyggjast F&S Hópferðabílar á Þingeyri festa kaup á strætisvögnum Ísafjarðar af FMG. Kaupin munu ekki gengin í gegn eða undirrituð, en beðið hefur verið eftir afgreiðslu bæjaryfirvalda vegna málsins, en nú er væntanlega fátt því til fyrirstöðu að gengið verði frá málinu.



Nýr bakari í fjölskyldufyrirtækinu

Jóakim Árnason útskrifast sem bakari í sumar en hann verður sá fyrsti til þess að útskrifast úr því námi á Ísafirði í áratugi. Hann er sonur Árna Aðalbjörnssonar og Rósu Þorsteinsdóttur en eins og kunnugt er rekur fjölskylda þeirra Gamla bakarið sem svo sannarlega ber nafn með rentu enda hefur það verið starfrækt allt frá árinu 1871.

– Hvað er bakaranámið langt?

„Þrjú ár og sjö mánuðir og það er að mestu leiti verklegt. Ég fór með reglulegu millibili til Danmerkur á þessum tíma. Ég útskrifast svo í sumar þegar ég klára samninginn.“

– Hvað kom til að þú fórst til Danmerkur í nám?

„Ég nennti ekki að fara til Reykjavíkur því mér finnst svo leiðinlegt þar. Þetta er líka finn skóli í Danmörku, þar gat ég verið á heimavist hinu megin við götuna frá skólanum, en hefði ég farið til Reykjavíkur hefði ég þurft að leigja húsnæði.“

– Þurftirðu ekki að vera sleipur í dönskunni til að fara utan í nám?

„Ég segi það nú ekki að ég sé sleipur í henni, þetta var svoltið erfitt fyrst en það kom. Ég talaði ensku fyrsta árið.“

– Voru margir Íslendingar í skólanum?

„Ekki þegar ég var, þá var bara ein kona þarna af íslensk-

um ættum sem var reyndar Dani en hún talaði íslensku. Ég var eini Íslendingurinn.“

– Svo ertu á samningi í Gamla bakariinu?

„Já ég er að klára hann.“

– Hvað tekur svo við á eftir því, á að halda áfram í fjölskyldufyrirtækinu?

„Já ég býst við því, maður þekkir ekkert annað. Ég byrjaði 14 ára að vinna í bakariinu og fannst þetta finn tími til að vinna á. Ég var þá að vinna frá kl. 5 til 10. Nú er ég að vinna nú frá 4-12 og laugardaga frá kl. 2-10. Það er ágætt á meðan maður er ekki kominn með fjölskyldu.“

– Er ekkert erfitt að vakna um miðja nótt til þess að fara til vinnu?

„Jú það getur verið það ef maður fer seint að sofa, en maður venst því. Ég hef aldrei þurft mikinn svefn. Ég sef svona fjóra tíma á nóttunni og legg mig í um klukkutíma þegar ég kem heim. Ef ég myndi byrja í annarri vinnu myndi mér finnast mjög erfitt að vakna á morgnana, þar sem ég er vanur þessu. Nú hef ég líka allan daginn fyrir mig.“

– Hvernig er típiskur dagur hjá þér í vinnunni?

„Ég mæti kl. 4 en hinir byrja að undirbúa daginn kl. 3. Ég byrja á því að baka kringlur og pylsubrauð og svo snúða. Síðan fer maður bara í það sem þarf að gera.“

– Er eitthvað sem þér finnst skemmtilegast eða þá leiðinlegast að baka?

„Nei mér finnst allt jafn skemmtilegt, ef manni myndist þetta leiðinlegt þá væri maður ekkert í þessu.“

– Þetta er í fyrsta skipti í langan tíma sem einhver útskrifast sem bakari á Ísafirði ekki satt?

„Jú, í að ég held um það bil 30 ár. Reyndar var einn í Bolungarvík en hann býr nú á Neskaupsstað. Ég vona bara að einhverjir aðrir læri þetta líka því þegar hinir hætta þá mun vanta fólk. Það er líka fint að hafa duglega menn í kringum sig sem eru tilbúnir að vakna kl. 3.“

– Heldurðu að þú munir taka við fjölskyldufyrirtækinu

einhvern daginn?

„Já ég hugsa það, ég vona þá bara að maður hafi góðan mannskap sem eru tilbúnir að vakna á þessum tímum.“

– Hvað með áhugamál?

„Ég hef mikinn áhuga á bílum og finnst gaman að eiga bíla og láta gera þá upp. Ég samt bara einn núna. Svo hef ég gaman af tölvum líka.“

– Nú vinnur systir þín, Briet Rut, líka í fyrirtækinu, hefur hún í hyggju líka að vera áfram þar?

„Nei, það held ég ekki. Hún er að fara til Kanada í nám. Hún hefur áhuga á að læra um kvikmyndir,“ segir Jóakim Árnason sem lærir að verða bakari og fetar þar með í fótspor föðurs síns.

– *thelma@bb.is*



Jóakim byrjaði snemma að kunna við sig í bakariinu.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Vaxandi suðaustanátt með vætu, 10-15 m/s og talsverð rigning síðdegis. Milt í veðri, en fremur svalt fyrir norðan fyrir hádegi. **Horfur á laugar dag:** Suðvestanátt og skúrir, en bjartveðri norðaustantil. Áfram milt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Suðlæg átt með vætu og mildu veðri. **Horfur á mánudag:** Suðlæg átt með vætu og mildu veðri.



Sælkeri vikunnar er Kristín Sigurðardóttir á Ísafirði

Mexíkó súpa og kókos

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á upp á bragðsterka og ljúffenga Mexíkó súpu sem svikur engan sem hefur dálæti á suður-amerískum mat. Kristín segir að gott sé að bera súpuna fram með nýbökðu brauði. Uppskrifin er miðuð við 6-8 manns. Í efierrétt er syndsamlega góð kókosbollubomba sem bráðnar uppi í munni.

Mexíkó súpa

3-5 laukar
2-3 hvítlausrif
1 rauður chilipipar (má sleppa)
5 dl kjúklingasoð
5 dl kjötsoð (teningur og vatn)
1 tsk koriander eða cumin
1 tsk chilikrydd
2 tsk worchester sósa
4 dósir niðurskornir tómatar
4-6 kjúklingabringur
Mariachi hot sauce eftir smekk

Steikið lauk og hvítlauk þar til þeir eru orðnir gullinbrúnir og bætið svo restinni af hráefnunum fyrir utan kjúklinginn. Látið súpuna malla í svölitinn tíma og steikið síðan

kjúklinginn á pönnu og bætið við rétt áður en súpan er borin fram. Berið fram með sýrðum, nachos flögum, rifum osti og ef til vill guacamole. Best er að setja allt saman út í súpu-diskinn þegar maður ber hana fram.

Kókosbollubomba

4-6 kókosbollur
Marengsbotn
Rjómi
Um 3 marsstykki
Kúlusúkk
Jarðarber

Stappið bollurnar í botninn á formi og myljið marengsinn yfir. Þeytið rjómann. Skerið marsið í bita og kúlusúkkið í tvennt og blandið saman við rjómann. Setjið svo rjóma-blönduna yfir marengsinn og skerið jarðarberin í tvennt og stráðið yfir. Hægt er að nota alla ávexti. Gott er að kæla í nokkra klukkutíma áður en borið er fram.

Ég skora á Kristínu Jónínu Kolmarsdóttur á Ísafirði til þess að koma með uppskrift í næsta blaði.



Subaru Legacy

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1998, ekin 149 þús. km., 4x4. Bíll í toppstandi. Stendur á bílasölu hjá Hafsteini Vilhjálmssyni.

Upplýsingar í síma 847 8531 eða hjá Hafsteini Vilhjálmssyni.



Handteknir fyrir innbrot

Tveir karlmenn um tví-tugt voru handteknir á Ísafirði aðfaranótt páska-dags fyrir að brjótast inn í heimahús. Að sögn lögreglu ætluðu mennirnir að gera upp mál við einn íbúa hússins. Þeir spörkuðu upp útidyrhurðinni og voru með barefli.

Móðir íbúans tók á móti þeim, náði að hrekja þá út og og hringdi á lögreglu. Annar þeirra var yfirheyrdur um nóttina og sleppt að því loknu. Hinn var mikið ölvaður og látinn sofa úr sér. Hann var yfirheyrdur á páskadag. Þá komu tvö fíkniefnamál upp á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður en annars fór hátíðin vel fram að öðru leyti.

Teknir með fíkniefni

Fyrri hluti rokkhátíðarinnar Aldrei fór ég suður, sem fram fór á Ísafirði á föstudaginn langa, fór vel fram að sögn lögreglunnar á Ísafirði, þrátt fyrir mikinn mannfjölda, enda voru mótshaldarar, gæslulið og lögregla með gott eftirlit með því að góð regla væri viðhöfð á hátíðinni. Lögreglan lagði hald á nokkur grömm af kannabisefnum, n.t.t. 8,12 gr., á þremur einstaklingum sem voru á eða við tónleikana.

Tveir buðu í Djúpveg

Aðeins tvö tilboð bárust í endurbyggingu 10 kílómetra kafla Djúpvegarar í vestanverðum Ísafirði í Ísafjarðarsýslu. Verkið nær frá slitlagsenda á Eyrarhlíð að slitlagsenda við Svörtukletta út undir Svansvík í Súðavíkurbæ. Þetta er í Súðavíkurbæ.

KNH ehf. átti lægra tilboðið, tæplega 208 milljónir króna, sem er 67,9% af áætluðum verkatakakostnaði, en hann var ríflega 306 milljónir króna. Vélgröf ehf. og Borgarvirki ehf. buðu saman ríflega 276 milljónir króna, sem er 90,2% af áætluðum verkatakakostnaði. Samkvæmt áætlun skal verkinu að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.



Nýkrýnd fegurðardrottning Vestfjarða Gréta María Kristinsdóttir, Vala Karen Viðarsdóttir sem varð í öðru sæti og Edith Guðmundsdóttir Hansen sem var í því þriðja.

Gréta María Kristinsdóttir kjörin fegurðardrottning Vestfjarða

Gréta María Kristinsdóttir frá Þingeyri var krýnd ungrú Vestfirðir á fegurðarsamkeppni Vestfjarða, sem haldin var í veitingahúsinu Krúsinni miðvikudaginn 4. apríl. Gréta María, sem er 19 ára, starfar sem leiðbeinandi á leikskóla. Í öðru sæti var Vala Karen

Viðarsdóttir og Edith Guðmundsdóttir Hansen varð í þriðja sæti. Svala Sif Sigurgeirsdóttir var valin vinsælasta stúlkan en hún var einnig valin netstúlka en hana völdu lesendur vefsíðunnar skemmtun.it.is. Guðrún Auður Böðvars-

dóttir var valin sportstúlkan. Fegurðardrottningin sjálf var einnig kjörin besta ljósmyndafyrirsætan. Óhætt er að segja að mikil spennan hafi legið í loftinu þegar dómnefnd var að störfum, en níu stúlkur kepptu um titilinn eftirsóttu. Í dómnefnd sátu Arnar Laufdal,

eigandi keppinnar um ungrú Ísland, Elin Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrúar Íslands, Silja Allansdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrúar Vesturlands, Margrét Magnúsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða árið 2004 og Davíð Egilsson, einkaþjálfari og fyrir-

sæta. Það var Raket Magnúsdóttir sem hélt utan um keppnina að þessu sinni, en hún tók þátt í ungrú Vestfjörðum árið 2002 og hreppti þá titilinn Ljósmyndafyrirsæta Vestfjarða, auk annarrar stúlku.

– tima@bb.is

Ísafjarðarbær á 207 milljón kr. hlut í Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga

Þann 23. mars síðastliðinn stofnuðu öll íslensk sveitarfélög opinbera hlutafélagið Lánasjóð sveitarfélaga ohf. Nafnverð hlutfjár var ákveðið 5 milljarðar króna, en bókfært eigið fé í árslok 2006 nam tæplega 8.858 milljónum krónum. Eigið fé félagsins er því hærra en nafnverð, en miðað við innra virði félagsins um síðastliðin áramót er verðmæti hlutanna 1,77 sinnum nafnverðið.

Enn fremur var samþykkt á ársfundi lánasjóðsins sama dag að færa eigið fé hans niður um 3 milljarða króna og greiða

sveitarfélögunum á fjórum árum þann 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn í ár, í samræmi við eignarhlut þeirra í hlutafélaginu. Tekið mun hafa verið tillit til þessarar niðurfærslu í uppgjöri fyrir árið 2006.

Samkvæmt bréfi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til Ísafjarðarbæjar er eignarhlutur Ísafjarðarbæjar í lánasjóðinum þannig að nafnverð hlutfjár er 207,4 milljónir, verðmæti hlutar miðað við gengi 1,77 er þá tæplega 367,1 milljón, eignarhlutdeild er 4,148% og árleg greiðsla er 31,11 milljónir. – eirikur@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.